

ÞRÁINN BERTELSSON:

LÍFSMYNDIR Á KLÓSETTPAPPÍR

Ósáttur við endurútgáfu gamanmynda sinna.

FÓLK 34



SKÁKHÁTÍÐ Í TASIILAQ:

HRÓKURINN TIL GRÆNLANDS

Minnist Haraldar Blöndal sem var einn af stofnfélögum Hróksins.

MENNING 29



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. ágúst 2005 - 210. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Patrekur ætlar sér titilinn

Handknattleiksmaðurinn Patrekur Jóhannesson er kominn heim til sinna gömlu féлага í Stjórnunni eftir langa dvöl erlendis sem atvinnumaður. Hann segist hlakka mikið til tímabilsins hér heima og ætlar sér stóra hluti með liði sínu í vetur.

ÍÞRÓTTIR 26



Frægir tónlistarmenn á leiðinni til landsins



Fimm tónlistarmenn í eldri kantinum heiðra Íslendinga með nærveru sinni á næstunni. Von er á þeim Joe Cocker, Patti Smith, Michael Bolton, Bobby McFerrin og Alice Cooper.

TÓNLIST 20

Börnum mismunað í tónlistarnámi

Pegar tvö börn, sem gætu heitið Jón og Gunna, sækja um tónlistarnám í tónlistarskóla í Reykjavík er viðbúið að aðeins annað þeirra komist í námið. Jón kemst að en Gunna þarf að bíða í að minnsta kosti ár.

SKOÐUN 8

VEÐRIÐ Í DAG



VONSKUVEÐUR um sunnan- og vestanvert landið með slagveðursrigningu. Úrkomulítið á Norðaustur- og Austurlandi og heldur hægari vindur. Hiti 8-15 stig.

VEÐUR 4

SUÐVESTURHORN

Konur 20-40 ára*

71%

Fréttablaðið

33%

Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júlí 2005. Lestur á laugardögum.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FJÖR Á HINSEGIN DÖGUM Rúmlega fjórutíu þúsund manns fögnuðu Gay Pride-deginum í miðborg Reykjavíkur í gær. Hinsegin dagar í Reykjavík voru haldnir í sjöunda skiptið um helgina. Gleðigangan er fastur liður hátíðarinnar þar sem gengið er niður Laugavegin í átt til hátíðarhaldanna við Lækjargötu. **Sjá síðu 16**

Vill aukin réttindi samkynhneigðra

Félagsmálaráðherra vill að samkynhneigðir öðlist fullan rétt á við gagnkynhneigða til fjölskyldupátttöku. Hann vill opnari og hreinskilnari umræðu um réttindi samkynhneigðra og auka fræðslu skólabarna um málefni þeirra.

JAFNRÉTTI Árni Magnússon félagsmálaráðherra styður heilshugar helsta baráttumál homma og lesbía um að öðlast fullan rétt á við gagnkynhneigða til fjölskyldupátttöku. Þetta kom fram í ræðu sem Árni hélt á Hinsegin dögum sem haldnir voru í miðborg Reykjavíkur í gær.

„Ég trúi því að innan tíðar verði réttur homma og lesbía til að ættleiða börn til jafns á við gagnkynhneigð pör,“ sagði Árni. „Að lesbiur í staðfestri samvist njóti sama réttar og aðrar konur til tæknifrjógunar á sjúkrahustofnunum og að þess verði ekki heldur langt að bíða að prestum

og forstöðumönnum safnaða verði heimilaður réttur, óski þeir þess, til að gerast vígslumenn þeirra sem hyggjast ganga í staðfesta samvist.“

Árni sagði að árið 1996 hefði verið stigið stórt skref í jafnréttisbaráttu samkynhneigðra þegar lög um staðfesta samvist voru sett. Hann sagði hins vegar að ekki ætti að láta þar staðar numið. Ættleiðingar og tæknifrjógunarir samkynhneigðra væru á meðal þess sem þyrfti að taka til alvarlegrar skoðunar.

„Ég tek undir það sjónarmið að meginmarkmið ættleiðingar er að útvega barni fjölskyldu en

ekki að útvega fjölskyldu barn. Nauðsynlegt er að tryggja barni bestu hugsanlegar aðstæður og ég tel þær geta allt eins verið að finna hjá samkynhneigðum sem gagnkynhneigðum foreldrum.“

Í ræðu sinni kallaði Árni á opnari og hreinskiptari umræðu um rétt samkynhneigðra til fjölskyldulífs.

„Við þurfum að auka fræðslu til skólabarna um þessi mál sem og almenning, til að sporna við fordómum, því við viljum standa vörð um að mannvirðing sé í heiðri höfð í okkar samfélagi.“

trausti@frettabladid.is

Formaður Samtakanna '78:

Mjög ánægð með ráðherra

JAFNRÉTTI „Mér þykir gríðarlega ánægjulegt að hann skuli ganga svona langt,“ segir Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Samtakanna '78, um ræðu Árna Magnússonar félagsmálaráðherra á Hinsegin dögum í gær.

„Síðan skýrslan um réttarstöðu samkynhneigðra kom út í fyrra hefur okkur fundist þetta vera sá pól sem tekinn er í hæðina af stjórnmálamönnum almennt. Við vorum þó ekki viss um viðhorf stjórnflokkanna og því er ræða Árna ánægjuleg,“ segir Hrafnhildur.

Hún segist bíða spennt eftir aðgerðum og segir að þegar þessum áfanga verði náð þá verði flest stóru vígin unnin í réttindabaráttunni. - óá

Búast má við að talsverðar breytingar verði gerðar á virðisaukaskatti:

Skattur á matvæli gæti lækkað

EFNAHAGSMÁL Meðal þeirra tillagna sem nú eru ræddar innan stjórnflokkanna er að neðra þrep virðisaukaskatts verði lækkað niður í allt að sjö prósent. Fyrirhugaðar breytingar á tekjuskattkerfinu þar sem tekjuskattur verður lækkaður um tvö prósent um næstu áramót eru umfram þau skattalækkunaráform sem

koma fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Í honum er gert ráð fyrir því að tekjuskattur lækki um fjögur prósent á kjörtímabilinu og þar af um eitt prósent um næstu áramót.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að stjórnmálamenn verði að meta stöðuna í efnahagsmálum og

á vinnumarkaði áður en ákveðið verður að lækka tekjuskatt.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir að mikilvægara sé að lækka skatta á matvæli en að lækka tekjuskatt því að tekjuskattslækkanir skili sér fyrst og fremst til þeirra efnameiri.

- hb / sjá síðu 2

Útsölulok

GÖTU-MARKAÐUR

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR



**SPURNING DAGSINS**

Heimir, hvernig líst þér á Árna?

Árni hefur allt til brunns að bera sem þrýðir góðan karlmann og heiðarlegan stjórnmálamann.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra sagði í ræðu sinni á Gay Pride í gær að honum þætti rétt að samkynhneigðir ættu að njóta sömu réttinda og gagnkynhneigðir til fjölskyldulífs. Heimir Már Pétursson er framkvæmdastjóri Hinsegin daga.

Bankar um afnám vaxtabóta:

Stjórnmálamenn ákveða

RÍKISFIÁRMÁL Gera þarf skýran greinarmun á almennum lánveit-ingum og félagslegum stuðningi vegna umræðunnar um afnám vaxtabóta, að sögn Guðjóns Rúnarssonar, framkvæmdastjóra Samtaka banka og verðbréfa-fyrirtækja. Hann segir að núverandi ríkislánasjóður geri ekki slíkt í dag.

„Vaxtagjöld eru ein af fleiri mögulegum leiðum til að veita þeim sem þessa þurfa félagslegan stuðning við að koma sér þaki yfir höfuðið, og vel þekkt leið í ná-grannalöndum. Það í hvaða formi hann er og hversu mikill slíkur stuðningur er, verður hins vegar alltaf ákvörðun stjórnmálamanna á hverjum tíma,“ segir Guðjón.

- hb



ÆTTINGJAR FÓRNARLAMBA Saksóknarinn í Palermo útilokar ekki að hryðjuverkamenn kunni að hafa orsakað flugslysidið.

Flugslys við Sikiley:

Nítján létust

RÓM, AP Nítján létust þegar túnísk farþegaflugvél fórst við strendur Sikileyjar í gærmorgun. Vélín var á leið frá ítölsku borginni Bari til borgarinnar Djerba í Túnis þegar hún brotlenti á Mið-jarðarhafinu. Tuttugu manns lifðu slysið af.

Saksóknarinn í Palermo á Sikiley, Piero Grosso, sagði orsakir slyssins óljósar en útilokaði ekki að hugsanlega væri um hryðjuverk að ræða. Flugmenn neyddust til að nauðlenda vélinni í kjölfar bilunar í tækjabúnaði. ■

Dönsk stjórnvöld kanna hvort þörf sé á auknum hryðjuverkavörnum:

Lagasetning vegna hryðjuverkahættu

DANMÖRK Í kjölfar hryðjuverkanna í London hefur danska ríkisstjórnin skipað nefnd sem á að kanna þörfina á lagasetningu til að bregðast við hættunni á hryðjuverkum. Einnig á að meta þörfina á að auka viðbúnað til að bregðast við hryðju-verkaárásum. Þetta er haft eftir Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, í dönskum fjölmiðlum í gær.

Hann segir þó að fara verði varlega í sakirnar og ekki megi breyta Danmörku í lögregluríki, þar sem myndavélar séu á hverju götuhorni. Á hinn bóginn verði Danir að horfast í augu við hættuna. Forsætisráðherrann vill þó ekki stíga jafn

stórt skref og Bretar hafa gert í kjölfar hryðjuverkaárásanna og takmarka starfsemi trúarhópa ófga-fullra múslima. Hann segir dönsk yfirvöld þó munu fylgjast með framgangi mála í Bretlandi.

Samkvæmt skoðanakönnun, sem danska blaðið Børsen framkvæmdi í vikunni, vilja þrír af hverjum fjórum Dönnum leyfa videóupptökur á opinberum stöðum. Anders Fogh segir þessa niðurstöðu ekki breyta sinni skoðun. Hann vilji ekki setja myndavélar upp á víð og dreif heldur vilji hann vinna með forsvarsmönnum danskra múslima í því að minnka hættuna á hryðjuverkaárásum í Danmörku.

- ls



ANDERS FOGH RASMUSSEN Forsætisráðherra Danmerkur vill fara varlega og ekki stíga jafn stórt skref og Bretar hafa gert.



ARI EDWALD telur að skattalækkunir verði að vera í takt við stöðuna á vinnumarkaði en segir að skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar hafi verið mjög jákvæð. Gylfi Arnbjörnsson telur að mikilvæga sé að lækka skatta á matvæli en tekjuskatt þar sem lækkun tekjuskatts-prósentu sé hagstæðari fyrir þá tekjuhætti.



Hagsmunasamtök vara við lækkun tekjuskatts

Framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands segir forgangsverkefni að bæta kjör hinna lægst launuðu og varar við skattalækkunum. Samtök atvinnulífsins telja varasamt að lækka skatta ef upplausn verður á vinnumarkaði.

EFNAHAGSMÁL „Með því að bæta skattalækkunum ofan á þá þenslu sem nú er í þjóðfélaginu þá teljum við að verðbólga getið farið af stað enn frekar en nú er orðið og við höfum varað mjög við þessum tímasetningum,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að búast megi við því að tekjuskattur lækki um áramótin um tvö prósent og einnig má búast á næstunni við því að neðra þrep virðisaukaskatts, sem einkum leggst á matvæli og nauðsynjavörur, lækki verulega.

Gylfi segir að brýnna sé að bæta kjör þeirra sem lægst hafa launin svo og atvinnuleysisbætur, bætur til öryrkja og ellilífeyrisþega.

„Þessir hópar hafa ekki fengið að njóta sömu hækkana og mér finnst að þegar ríkissjóður er aflögufær eigi að bæta stöðu þessara hópa áður en ráðist er í skattalækkunir. Lækkun skattprósentsunnar er mun hagstæðari fyrir þá tekjuhætti en þá tekjulægri, þess vegna höfum við verið mun jákvæðari gagnvart lækkun á virðisaukaskatti á matvæli og fögnum henni ef af verður,“ segir Gylfi.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir erfitt að tjá sig um mögulegar breyttar tillögur því þær hafi ekki verið kynntar opinberlega enn sem komið er.

„Ég held það hljóti hins vegar að vera svo að það spili inn í afstöðu stjórnmálamanna hvernig staðan í efnahagsmálum og á

vinnumarkaði er. Þá er ég að vísa til þess að ef einhver upplausn verður á vinnumarkaði um áramótin vegna endurskoðunar kjarasamninga þá teldi ég mikla goðgá að spila skattalækkunum inn í þá stöðu,“ segir Ari.

Ari segir að viðbrögð Samtaka atvinnulífsins á skattalækkunartillögur ríkisstjórnarinnar hafi verið jákvæð og telur að frekari skattalækkunir þurfi ekki að að velda meiri þenslu en nú er. Hann segist gera sér vonir um að skattalækkunir fyrir almenning og að sá kaupmáttur sem fólk fær út úr þeim ráðstöfunum til viðbótar við launahækkunir, mælist vel fyrir og verði til þess að treysta frið á vinnumarkaði og stuðla þannig að stöðugleika í efnahagslífinu.

hjalmar@frettabladid.is

Bilvelta nærri Húsavík:

Grunaður um ölvun

LÖGREGLUMÁL Karlmaður um tví-tugt velti bíl sínum í Aðaldals-hrauni á Norðausturvegi skammt sunnan Húsavíkur um klukkan sex í gærmorgun.

Maðurinn var einn í bílnum þegar atvikið varð og slasaðist nokkuð við bílveltuna. Var hann því fluttur með sjúkrabíl á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Að sögn lögreglunnar á Húsavík er maðurinn grunaður um að hafa verið ölvaður undir stýri.

Nokkuð var af fólki á Húsavík í gærnótt vegna Mærudaga sem þar eru haldnir hátíðlegir. Að sögn lögreglu fóru hátíðarhöldin vel fram.

- óá



ROBIN COOK Hné niður í fjallgöngu í Skotlandi og lést í kjölfarið.

Fyrirum utanríkisráðherra Breta:

Cook er látinn

LONDON, AP Robin Cook, fyrrverandi utanríkisráðherra Bretlands, hné niður þegar hann var að ganga á fjallið Ben Stack í hálöndum Skotlands. Hann var sóttur með sjúkrabyrllu og honum flogið á spítala í Inverness þar sem hann lést í gær.

Að sögn félaga hans var Cook í góðu formi og stundaði mikla úti-veru. Ekki hefur enn neitt verið gefið út um dánarorsök hans.

Cook gegndi embætti utanríkisráðherra í ríkisstjórn Tony Blair á árunum 1997-2001 en sagði þá af sér vegna andstöðu við utanríkisstefnu stjórnarinnar. Hann varð 59 ára. ■

Prjártíu þúsund gestir á Fiskideginum mikla á Dalvík:

Einn nefbrotinn og fjórir í fangelsi

LÖGREGLUMÁL Til stimpinga kom á Dalvík snemma í gærmorgun milli nokkurra manna og enduðu þær með því að einn nefbrotnaði og var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Málsatvik eru talin ljós og að sögn lögreglu verður kært fyrir líkamsárás. Tveir gistu fanga-geymslur lögreglunnar vegna málsins.

Alls voru fjórir skikkaðir til að gista fanga-geymslur vegna slagsmála og ölvunarláta á Dalvík í fyrri-nótt. Þrír komust fyrir í fanga-geymslunum á Dalvík en flytja þurftu einn til Akureyrar vegna plássleysis.

Margt var um manninn á Dalvík í gærðag á Fiskideginum mikla en að sögn lögreglu fór allt vel fram. Tjaldað var á hverjum einasta tún-bletti í og við bæinn og alls voru til-tækir 110 þúsund matarskammtar úr um 11 tonnum af fiski. Að sögn



Í BÁRUGÖTU Í GÆRKVÖLD Um fimm hundruð manns gæddu sér á grillmat að lokinni vel heppnuðum degi þar sem þrjátíu þúsund manns komu saman.

Júlíusar Júlíussonar, framkvæmdastjóra fiskidagsins, voru áreiðanlega fleiri á hátíðinni nú en í fyrra, en þá komu 27 þúsund manns.

Lögreglan á Dalvík var með aukinn viðbúnað í gærkvöld og fékk aðstoð lögregluembættanna bæði í Ólafsfirði og á Akureyri.

- óá



Nýir og glæsilegir ferðabæklingar



Með Apollo í sólina í allan vetur!

Á vit fjarlægja sólarstranda og stórborga

Glæsilegar og vandaðar sérferðir með fararstjórum um allan heim

Pantaðu þitt eintak strax í dag og kíktu í heimsókn á heimasíðu okkar www.kuoni.is.

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.kuoni.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

LANGferðir



BORÐSTOFUSETT

EIKARBORÐ (180X90)
OG 6 LEÐURSTÓLAR
99.600 KR.
ÁÐUR 166.000 KR.



FIRENZE

LEÐURSÓFAR OG STÓLL

4RA SÆTA 79.800 KR. ÁÐUR 133.000 KR.
3JA SÆTA 69.600 KR. ÁÐUR 116.000 KR.
STÓLL 39.000 KR. ÁÐUR 65.000 KR.



SPEGLAR - 4 STÆRÐIR
(70X70 - 80X200)
ÚTSÖLUVERÐ FRÁ
8.750 KR.



LEÐURKISTUR - 4 STÆRÐIR
ÚTSÖLUVERÐ FRÁ
3.150 KR.



ROSAS

BASTSTÓLL
14.750 KR.
ÁÐUR 29.500 KR.



COSMO

LEÐURSTÓLL
27.000 KR.
ÁÐUR 45.000 KR.



BORÐSTOFUSETT

BORÐ OG 6 LEÐURSTÓLAR
69.900 KR.
ÁÐUR 139.800 KR.



ÚTSALA! ÚTSALA!
10-70% AFSLÁTTUR

FABRIKAN

TEKK

COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

GENGIÐ			
GENGI GJALDMIÐLA 05.08.2005			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur	USD	63,42 63,72
	Sterlingspund	GBP	112,77 113,31
	Evra	EUR	78,4 78,84
	Dönsk króna	DKK	10,505 10,567
	Norsk króna	NOK	9,937 10,995
	Sænsk króna	SEK	8,402 8,452
	Japanskt jen	JPY	0,5675 0,5709
SDR		XDR	92,97 93,53
Gengisvísitala krónunnar			
109,1413			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



PILTUR Í NIGER Milljónir barna þjást af næringarskorti og er ástandið víða orðið mjög alvarlegt.

Rauði kross Íslands: Sendir aðstoð til Nígers

HJÁLPARSTARF Rauði kross Íslands ætlar að leggja þrjár milljónir í hjálparstarf vegna hungursneyðar sem nú ríkir í Afrikulandinu Níger og nálægum löndum. Karl Sæberg Júlíusson fer svo á næstu dögum til landsins sem sendifulltrúi Rauða kross Íslands og hefur umsjón með öryggismálum vegna hjálparstarfsins.

Milljónir þjást nú af næringarskorti í landinu og sérstaklega er óttast um afdrif barna. Uppskerubrestur varð í landinu í fyrra og er ástandið að verða nokkuð alvarlegt.

LOTTÓ

ENGINN MEÐ FIMM RÉTTAR Enginn var með fimm tölur réttar í lottóinu í gær en heildarfjárhæð fyrsta vinnings var rúmlega þrjár milljónir króna. Þá var enginn með fjórar tölur og bónustölu en hæsta vinningsupphæðin var rúmlega sjö þúsund krónur. Einn fékk fjóra rétta í jökernum og hlaut hundrað þúsund krónur í vinning.

Rússneskur kafbátur fastur á 190 metra dýpi:

Bandaríkjamenn og Bretar hjálpa

RÚSSLAND. AP Breskir og bandarískir sjóliðar komu til Kam-tjaska-skaga í gærmorgun með ýmsan búnað til að aðstoða við björgun rússnesks kafbáts sem strandaði á 190 metra dýpi út af skaganum á fimmtudaginn. Strandið bar til þegar netadræsa festist í skrúfu bátsins.

Sjö menn eru um borð í kafbátnum og áttu loftbirgðir þeirra að duga þar til nú í nótt. Ekki hafði tekist að bjarga þeim þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld. Í gærmorgun náðist talstöðvar-samband við áhöfnina og Vyatsjeslav Milasjevski, 25 ára gamall skipstjóri kafbátsins,

sagði ástand sinna manna viðunandi þrátt fyrir að hitinn í bátnum væri einungis rétt um fimm gráður.

Athygli vekur að Rússar báðu þegar um aðstoð erlendis frá þegar fréttist af strandinu, öfugt við það sem þeir gerðu þegar kafbáturinn Kúrsk fórst fyrir fimm árum með yfir hundrað sjóliða innanborðs. Í fyrrakvöld tókst að festa taug í kafbátinn en hún slitnaði þegar reynt var að draga hann upp á grunnssævi. Í gær átti svo að kanna aðstæður á strandstað með fjarstýrðum bandarískum kafbátum og jafnvel reyna að nýta þá til að klippa á netadræsumnar.



FJARSTÝRÐUR KAFBÁTUR Bandarískir sjóliðshermenn undirbúa fjarstýrðan Scorpio-kafbát fyrir björgunarleiðangur að strandstað rússneska kafbátsins á hafsbotni á fimmtudag.



SKEMMTISTAÐURINN TRAFFIC Fimm menn voru handteknir vegna hnífstungu við skemmtistaðinn í gærnótt.

Skorinn lífshættulega með brotinni glerflösku

Ráðist var á bandarískan hermann við skemmtistaðinn Traffic í Keflavík. Maðurinn var skorinn lífshættulega en kom sér sjálfur á sjúkrahús. Fimm voru handteknir vegna málsins. Þetta er þriðja hættulega líkamsárásin á skemmtistaðnum á einu ári.

LÖGREGLUMÁL Bandarískur hermaður hlaut skurði í hópslagsmálum utan við skemmtistaðinn Traffic við Hafnargötu í Reykjanesbæ á þriðja tímanum í fyrrinótt. Hermaðurinn fór svo sjálfur ásamt félögum sínum með leigubíl á hersjúkrahúsið á herstöðinni þar sem hann gekkst undir aðgerð. Hann er ekki talinn vera í lífshættu.

Fjórir Íslendingar og einn erlendur ríkisborgari voru í kjölfarið handteknir og vistaðir í fangageymslum lögreglunnar í Keflavík í fyrrinótt. Þeir voru svo yfirheyrðir í gær af rannsóknalögreglunni í Keflavík og höfðu tveir verið látnir lausir í gær þegar blaðið fór í prentun.

Til slagsmála hafði komið milli tveggja hópa, annars vegar sex varnarliðsmanna og hins vegar þeirra fimm sem handteknir voru. Lögregla telur líklegt að hermanninum hafi verið veittir áverkarnir með brotinni glerflösku. Talsvert blæddi úr honum á götuna og var Hafnargötunni því lokað um tíma í gærnótt á meðan lögregla kannaði vettvang. Margt fólk var á ferli í miðbæ Keflavíkur þegar atvikið átti sér stað. Skurðirnir sem maðurinn hlaut voru nokkrir, misalvarlegir og djúpir.

Í nóvember í fyrra lést danskur hermaður í kjölfar hnefahöggs sem honum var veitt í deilum sem upp komu á

skemmtistaðnum. Þá er tæpt ár síðan kærd var líkamsárás sem framin var á staðnum en þá braut ungur Keflvíkingur glas í andliti manns með þeim afleiðingum að hann hlaut alvarlegan skurð á gagnauga. Þá eru enn ótalin nokkur önnur líkamsárásarmál sem upp hafa komið vegna ryskinga inni á staðnum á því rétt rúma ári sem hann hefur verið starfræktur í núverandi mynd.

Lögregla leitar enn fólks sem getur gefið upplýsingar um atburði næturinnar og bendir þeim öllum á sem eitthvað vita að hafa samband í síma 420 2400.

oddur@frettabladid.is

Kjarnorkuáætlun Írana: Semja ekki við ESB

TEHERAN, AP Íranar höfnuðu í gær sáttaboði Evrópusambandsins. Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, sagði felast í sáttatilögunni að Íran hefði ekki rétt til þess að auðga úran.

Úran sem er lítið auðgað er nýtt í kjarnaofna kjarnorkuvera en sé það auðgað meira er það not hæft í kjarnorkusprengjur. Ahma-dinejad sagði við embættistöku sína í síðasta mánuði að kjarnorkuver þyrftu til að svara orkuþörf landsins en ekki stæði til að nýta úran til að búa til sprengjur. Ymsir forkólfar Vesturlanda hafa þó staðhæft að Íranar áætli að koma sér upp kjarnavopnum.



GEIMFERJAN DISCOVERY Búist er við ferjunni aftur til jarðar á morgun.

Geimferjan Discovery: Lögð af stað til jarðar

HOUSTON. AP Geimferjan Discovery er lögð af stað aftur til jarðar eftir ferð að alþjóðlegu geimstöðinni. Ef allt gengur að óskum er búist við því að hún lendi á morgun.

Í gær var hún losuð frá alþjóðlegu geimstöðinni þangað sem fluttar voru vistir og mannskapur. Síðast þegar reynt var að lenda geimferju fyrir hálfu þriðja ári fórst geimferjan Columbia með geigvænlegum afleiðingum. Allir áhafnar meðlimir létust og tæpum fjórutíu tonnum af braki rigndi yfir Texas og Louisiana.

afsláttur -1kr

Viðskiptakort einstaklinga

Nánari upplýsingar í síma:

591 3100

ATLANTSOLIA

Atlantsolia • Vesturvör 29 • 200 Kópavogur • Sími 591-3100 • atlantsolia@atlantsolia.is

VEÐRIÐ

JA, HAUSTLEGT LITUR ÞAÐ ÚT

Það er rétt að vara við hvassviðri eða jafnvel stormi með sunnan- og suðvestanverðu landinu sem og á hálendinu. Annars staðar verður vindur skaplegri þó að hvergi verði hann hægur. Það gengur mikið úrkomusvæði samfara þessu yfir landið. Það lægir víðast með kvöldinu og þá dregur jafnframt úr vætunni sem þá verður skúra-kenndari. Þó má reikna með að mikið rigni suðaustanlands í kvöld. Á morgun verður þetta yfirstaðið.

Á morgun

Yfirleitt fremur hægur vindur.

Þriðjudagur

Hæglætisveður.

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	18°C léttskýjað	Paris	20°C hálfskýjað
Ósló	14°C rigning	Berlín	16°C skúrir
Stokkhólmur	19°C skúrir	Frankfurt	20°C skýjað/skúr
Helsinki	19°C skúrir	Madrid	38°C heiðskirt
London	23°C hálfskýjað	Barcelona	30°C skýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Tækifærin hafa aldrei verið fleiri og möguleikarnir aldrei meiri!

Lisa Jóhannesdóttir
Skrifstofustjóri
hjá Artica ehf.

ÉG lem á klukkuna á hverjum morgni og segi „LOKSINS!!!“

Eftir námið hjá NTV fékk ég frábært starf. Áður fyrr var vinnan kvöð en í dag hef ég mun hærri tekjur og nýt ég þess að vera í starfi þar sem hæfileikar mínir njóta sín og ég er metin að verðleikum.

■ MARKVISST STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR MEÐ VINNU

Markmið okkar hefur alltaf verið að bjóða upp á hnitmiðuð námskeið þar sem jafnrík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og að þjálfar hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Skrifstofu- og tölvunám (258 stundir)

Fjármál og rekstur (132 stundir)

Sölu- og markaðsnám (264 stundir)

Skrifstofunám & hönnun (414 stundir)

Sölunám & hönnun (420 stundir)

Skrifstofu- og rekstrarnám (462 stundir)

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám (396 stundir)

■ MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Frá stofnun skólans hefur verið lagður mikill metnaður í að vera í forustu á sviði kennslu í grafík og margmiðlun. Þessi námskeið eru frábær undirbúningur fyrir þá sem hyggja á frekara nám eða vilja starfa á sviði margmiðlunar og/eða gerð kynningarefnis.

Auglýsingatækni (156 stundir)

Photoshop Expert (96 stundir)

AutoCad & 3D StudioMax (180 stundir)

Vefsíðugerð 1 -2 & 3 (210 stundir)

Photoshop fyrstu skrefin & stafrænar myndavélar (30 stundir)

Myndbandavinnsla með Adobe Premiere (36 stundir)

■ ALMENNT TÖLVUNÁM OG STYTTRA NÁM

Tölvunám er stór og ört vaxandi þáttur í daglegu lífi fólks og í rekstri fyrirtækja. Því er símenntun einstaklingsins oft það forskot sem ræður úrslitum við ráðningu starfsfólks.

TÖK tölvunám (90 stundir)

Tölvunám fyrir byrjendur (60 stundir)

■ BÓKHALDSSNÁM

Í bókhaldsnámi NTV er lögð áhersla á að kenna vel öll grunnhugtökin og vinnubrögð við bókhald. Síðan er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem er mjög víða notað.

Grunnnám í bókhaldi (108 stundir)

Tölvubókhald - framhald (24 stundir)

Navision viðbótarnám (sjá www.ntv.is)

■ SÉRHÆFT DIPLOMA NÁM

NTV hefur frá stofnun skólans 1997 lagt mikla áherslu á sérhæft nám, sem tengt er alþjóðlegum prófum, og hefur námið verið í stöðugri þróun enda markmiðið að mæta þörfinni þar sem hún er mest fyrir störf á þessu sviði.

Tölvuviðgerðir (72 stundir)

MCP XP netstjórnun (126 stundir)

MCSA 2003 netstjórnun (150 stundir)

Kerfisstjórnun (198 stundir)

ntv.is



KJÖRKASSINN

Ætla þú að fljúga milli Íslands og Bretlands með British Airways?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](#)

Já	57%
Nei	43%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Styður þú réttindabaráttu samkynhneigðra?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Kraftmikill fellibylur fer yfir austurströnd Kína og Shanghai og eykur hættuna á flóðum:

Milljónir Kínverja flýja heimili sín

KÍNA. AP Fellibylurinn Matsa gekk í gær yfir austurströnd Kína og þurftu milljónir manna að flýja heimili sín. Þar af var rúmlega ein milljón íbúa héraðsins Zhejiang við austurströnd landsins. Þá hefur öllu millilandaflugi verið aflýst á Shanghai-flugvelli.

Fellibylurinn gengur yfir með sterkum vindum og miklum rigningum sem auka flóðahættu í hinni 20 milljóna manna borg Shanghai og voru götur borgarinnar nánast mannlausear um miðjan dag í gær.

Yfirvöld telja að fellibylurinn geti haft alvarlegri afleiðingar en fellibylurinn Rananim sem gekk

yfir sama svæði í fyrra en þá fór-ust 164 og olli fellibylurinn fjár-tjóni fyrir rúmlega tvo milljarða Bandaríkjadali.

Miklir vatnavextir eru í ám við austurströndina og hafa hafnaryf-irvöld reynt að verjast flóðahætt-unnni með því að lækka vatnsyf-irborð hjá stíflum til að verja þau fjörutíu og eitt þúsund skip sem hafa legu við hafnir á flóðasvæð-unum. Tveir höfðu látist um mið-
an dag í gær en búast má við að fellibylurinn nái hámarki sínu í dag.

- hb

DIMMT YFIR
Það var dimmt yfir í borginni Hangzhou þar sem fellibylurinn Matsa gekk yfir í gær.





Beint flug frá Keflavík og Akureyri til hinnar fögru miðaldaborgar

Tallinn í Eistlandi

Innifalið í verði:
Flug, 4 stjörnu hótél m/morgunmat, akstur til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og skattar.
Verð 49.900 kr.

Frá Akureyri	Frá Keflavík
5.-9. okt. 2 laus sæti	12.-16. okt. fá sæti laus
19.-23. okt. 9 sæti laus	
26.-30. okt. fá sæti laus	

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastrir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimslista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Menningarlíf í Tallinn stendur með miklum blóma og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er, næturlífið fjörukt, bari, skemmtistaðir og kaffihús á hverju götuhorni. Tallinn er borg sem fangar, borg sem skilur eitthvað eftir, löngu eftir að komið er heim.

Spennandi skoðunarferðir í boði með íslenskri fararstjórn



Trans-Atlantic
Ráðhústorg 7, Akureyri
Sími 5888900 www.transatlantic.is

Stökktu til Rimini

11. eða 18. ágúst

frá kr. 29.990

Verð kr. **29.990** í viku / kr. **39.990** í 2 vikur. Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 1 eða 2 vikur (ath. 11. ágúst er aðeins tveggja vikna dvöl í boði). Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð kr. **39.990** í viku / kr. **49.990** í 2 vikur. Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur (ath. 11. ágúst er aðeins tveggja vikna dvöl í boði). Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Síðustu sætin

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð til Rimini 11. ágúst í 2 vikur eða 18. ágúst í 1 eða 2 vikur. Njóttu lífsins á þessum vinselasta sumarleyfisstað Ítalíu. Bókaðu sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú þú stírt.



Heimsferðir
Skógarhlíð 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is



AMERICAN DAD
MÁNUDAGA KL. 21:00

FYLGSTU MED!



SIRKUS



HORFT Á RÚSTIRNAR Ferðamaður horfir á mynd sem tekin var skömmu eftir að kjarnorkusprengjunni var varpað á borgina Hiroshima.

Sextíu ár frá kjarnorku-árásinni á Hiroshima

Gærdagurinn var tilfinningaþrunginn í borginni Hiroshima í Japan. Um 55 þúsund manns minntust þess að sextíu ár er liðin frá því að kjarnorkusprengjunni var varpað á borgina. Borgarstjórinn í Hiroshima var ómyrkur í máli.

HIROSHIMA. AP Japanar minntust þess í gær að 60 ár eru liðin frá því að fyrsta kjarnorkusprengjan, sem notuð var í hernaði, sprakk yfir borginni Hiroshima. Klukkan 8.15, þann 6. ágúst árið 1945, varpaði bandaríska herflugvélin Enola Gay sprengjunni á borgina. Hún sprakk um hálfum kílómetra fyrir ofan hana með þeim afleiðingum að 140 þúsund manns létust og borgin varð ein rjúkandi rúst. Alls bjuggu 350 þúsund manns í borginni á þessum tíma.

Þremur dögum síðar vörpuðu Bandaríkjamenn annarri kjarnorkusprengju á borgina Nagasaki með þeim afleiðingum að um 80 þúsund manns létust. 15. ágúst árið 1945 gáfust Japanar upp og seinni heimsstyrjöldinni var þar með lokið.

Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, ávarpaði um 55 þúsund manns sem tóku þátt í minningarathöfinni í gær. Hann vottaði hinum látnu virðingu sína og sagði Japana ætla að vera leiðandi afl í baráttunni gegn kjarnorkuhernaði.

Tadatoshi Akiba, borgarstjóri Hiroshima, var ómyrkur í máli. Hann bað kjarnorkuveldin að eyða vopnum sínum. Í ræðu sinni beindi hann spjótum sínum helst gegn Bandaríkjamönnum og Rússum sem hann sagði vera að stofna mannlegri tilveru í hættu með stefnu sinni í kjarnorkumálum.

Gærdagurinn var tilfinningaþrunginn í Hiroshima. Fjöldi friðarsinna hrópaði slagorð gegn kjarnorkuveldunum. Eitt þúsund friðardúfum var sleppt við Atómhvelfinguna svokölluðu, en það er bygging sem lagðist í rúst við sprenginguna og hefur verið varðveitt þannig. Byggingin er á heimsminjaskrá UNESCO. Þá fleyttu tugir þúsunda manna ljóskerjum eftir á sem rennur í gegnum borgina. Ljóskerin eiga að tákna sálir þeirra sem létust í sprengingunni.

Þótt talið sé að um 140 þúsund manns hafi látist strax eða



8.15 Ungur Japani gengur framhjá mynd sem sýnir klukku sem stöðvaðist þegar sprengjan féll á borgina.

nokkrum mánuðum eftir að sprengingin varð er tala fórnarlambanna mun hærri í dag. Japönsk stjórnvöld telja nú að ríflega 240 þúsund manns hafi látist vegna sprengingarinnar. Á hverju ári bætist við þessa tölu því þeir sem látast, til dæmis, af

völdum krabbameins sem rekja má til geislavirkninnar sem varð þegar sprengjan sprakk, eru taldir til fórnarlamba árásarinnar.

Í dag búa nærri þrjár milljónir manna í Hiroshima.

trausti@frettabladid.is

David Beckham

Nú aðeins 1.990 kr.

Verð áður ~~2.825.000.000~~ kr.



David Beckham
f. 2.5.1975
Real Madrid
– leikmaður 23
Meistaradeildin á SÝN

Beckham

SÝN á 1990 kr.
fyrir ADSL notendur
Og Vodafone

Nú fá ADSL notendur hjá Og Vodafone áskriftina að SÝN fyrir aðeins 1990 kr. á mánuði.

Allir leikirnir sem skipta máli eru á Sýn

Meistaradeild Evrópu - Enska bikarinn - Enska deildarbikarinn - Enska landsliðið - Íslenska landsliðið
HM 2006 - NBA - NFL - Box - Spænski boltinn - Ítalski boltinn - Evrópukeppni félagsliða



Heyrumst!

Þú horfir áfram á SÝN á Digital Íslandi eða gamla góða myndlyklinum. Fullt verð á SÝN er 4290 kr. á mánuði.

Komdu í **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar og skráningu.

skoðun

**SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON**

Hátt í 200 þúsund ferðamenn koma í Mývatnssveit á sumrin.

Göngu- og hjóla- stíga við Mývatn

Mývatnssveit er ein mesta náttúruperla landsins og þangað sækja tugir þúsunda ferðamanna á hverju ári. Þar þarf því að huga vel að skipulagi fyrir ferðamenn, hvort sem þeir eru akandi, gangandi eða hjólandi, vetur, sumar, vor og haust. Lengi vel var Mývatnssveit frekar afskekkt og í lélegu vegasambandi. Það var ekki fyrr en með tilkomu Kísiliðjunnar að íbúar sveitarinnar komust í sæmilega gott vegasamband við Húsavík með veginum yfir Hólasand, sem í daglegu tali er kallaður Kísilvegurinn. Þar er þó verk að vinna, því enn hefur ekki verið lagt bundið slitlag á hann allan, og enn fremur þarf að lagfæra hann og bæta á mörgum stöðum, svo hann fullnægi nútíma-kröfum sem aðalleið.

Það var svo ekki fyrr en á síðasta ári sem lokið var við boðlegan veg vestur um til Akureyrar yfir Mývatnsheiði og niður í Reykjadal. Það var svo sannarlega tími til kominn að þar yrði lagður framtíðarvegur. Samgöngubætur við mestu ferðamannastaði landsins hafa oft á tíðum orðið útundan, og er þess skemmt að minnast að ekki eru mörg ár síðan vegurinn að Gullfossi og Geysi var lagður bundnu slitlagi. Það er eins og stjórnmálamenn, sem mestu ráða um vegabætur, hafi ekki fundið nógu mikla atkvæðalykt af þessum framkvæmdum fyrr en nú á allra síðustu árum.

En þó að Mývatnssveit sé nú loks komin í gott vegasamband, og þá líka austur á firði, er enn mikið verk óunnið í vegamálum í sveitinni því þar vantar tilfinnanlega góða göngu- og hjólastíga milli byggðakjarna og ferðmannastaða fyrir ferðamenn og íbúa sveitarinnar. Þeir ferðamenn sem heimsækja Mývatnsveit eru ekki nærri allir akandi. Í sumar eins og undanfarin sumur hefur mátt sjá fjölda manna á gangi á þjóðveginum, sérstaklega í nágrenni Reykjahlíðar, Voga, Skútustaða og Álftagarðis sunnan við vatnið. Það er bara tímaspursmál hvenær verður slys á þessum stöðum, þótt sett hafi verið upp skilti um lækun hámarkshraða og settar merkingar á yfirborð vega.

Samgönguyfirvöld og sveitarstjórn í Mývatnssveit þurfa nú þegar að gera ráðstafanir til að skipuleggja göngu- og hjólastíg allt í kringum Mývatn og hefjast handa þegar á næsta vori við fyrstu áfanga stígagerðarinnar. Það mætti hugsa sér að hún yrði í nokkrum áföngum og byrjað út frá þéttbýlisstöðunum þar sem tjaldstæðin, hótelin og aðrir gististaðir eru norðan og sunnan við vatnið. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær er talið að hátt í 200 þúsund ferðamenn komi í Mývatnssveit á sumrin, auk þess sem fleiri og fleiri leggja þangað leið sína á öðrum tímum ársins. Þeir sem rætt var við um stígagerðina eru allir á einu máli um nauðsyn hennar.

Það hljóta að finnast einhvers staðar fjármunir til að hefja verkið, samanber það að sifellt er verið að leggja nýja og nýja reiðvegi meðfram þjóðvegum landsins, og þar virðist ekki skorta fé, þótt sumir þessara vega séu lítið eða ekkert notaðir. Þar væri kannski hægt að klípa eitthvað af fjárveitingum og huga frekar að göngu- og hjóltreidastígum á einum mesta ferðamannastað landsins – Mývatnssveit.



REGLA #18

ÓKEYPIS DRYKKIR, AF HVERJU EKKI?

ÍBÓ smámið egi eco

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Til sölu</p> <p>Húsið númer þrjú við Fríkirkjuveg, sem er eitt af eldri húsum borgarinnar, byggt um síðustu aldamót, stendur nú autt. Þar voru til skamms tíma skrifstofur Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar sem nú hefur verið lögð niður. Fyrr á árum var Vinnuveitendasamband Íslands þar til húsa. Áforma borgaryfirvöld að selja húsið hæstþjóðanda. Ekki eru allir sáttir við málsmæðferðina og var deilt um hana á borgarráðsfundi á dögunum. Vilja borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins að orðið verði við óskum forráðamanna Fríkirkjunnar um að eignast húsið fyrir safnaðarstarf. Kirkjan stendur við hlið hússins.</p> <p>Þjóðráð</p> <p>Þótt það virðist þjóðráð að kirkjan eignist húsið, jafnvel með einhverjum stuðningi borgarinnar eins og algengt er þegar söfnuðir og frjáls félagasamtök eiga í hlut, höfnuðu fulltrúar R-listans hugmyndinni. Ekki er gott að skilja af hverju. Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík er stór og vaxandi og á sér merka sögu. Víst er að starfsemi á hans vegum gæfi þessu gamla húsi virðulegt hlutverk. Það var fyrsti íslenski verkfræðingurinn, Sigurður Thoroddsen, sem reisti Fríkirkjuveg 3. Þróstynd af syni hans, Gunnari Thoroddsen fyrrverandi forsætisráðherra, sem ólst upp í húsinu, er í garðinum fyrir framan Fríkirkjuveg 3.</p>	<p>Hefnd bókabúðar?</p> <p>Stefán Máni rithöfundur segir frá því í viðtali við blaðið Sirkus að hann hafi verið beðinn að lesa upp úr verkum sínum við bókabúð Máls og menningar á Menn-ingarnótt. Hann hafi talið eðlilegt að fá fyrir það einhverja lágmarkspókun, t.d. fimmtán þúsund krónur. Því hafi verið hafnað. Í tölvupósti frá bókaaversluninni, sem hann birtir, segir: „Þetta þýðir bara eitt; þú munt ekki selja rassgat af bókinni þinni hér, sem hefur verið þitt sterkasta vígi“. Stefán Máni tulkar þetta svo að búið sé að hefna sín á honum og ætli ekki selja bókina hans vegna þess að hann neitaði að skemmta í hennar nafni ókeypis. Getur þetta verið satt?</p> <p>gm@frettabladid.is</p>

Börnum mismunað í tónlistarnámi

Þegar tvö börn, sem gætu heitið Jón og Gunna, sækja um tónlistarnám í tónlistarskóla í Reykjavík er viðbúið að aðeins annað þeirra komist í námið, Jón kemst að en Gunna þarf að bíða í a.m.k. ár. Þegar árið er liðið og Jón vill halda áfram að læra þarf Gunna enn að bíða því Jón og þeir nemendur sem fyrir voru í námi hafa forgang. Þessi siður hefur lengi viðgengist og er nánast eins og regla hjá eldri tónlistarskólum borgarinnar. Reykjavíkurborg greiðir niður námskostnaðinn vegna Jóns, en Gunna fær engan styrk frá Reykjavíkurborg, sem hún gæti t.d. notað til að komast í nám annars staðar.

Þó svo að Jón hafi komist í tónlistarnám er ekki víst að hann njóti sambærilegrar niðurgreiðslu af hálfu Reykjavíkurborgar og aðrir nemendur. Reykjavíkurborg greiðir nefnilega mismikið niður tónlistarnám barna í borginni eftir því í hvaða tónlistarskóla þau stunda námið, eftir því í hvaða hverfi þau búa og eftir því á hvaða hljóðfæri þau læra. Þannig fer t.d. aðeins 11% þeirra kennslustunda, sem Reykjavíkurborg niðurgreiðir, til tónlistarkennslu uppi í Grafarvogshverfin þó svo að þar búi 22% allra barna og ungmenna borgarinnar. Nemendur í nýrri skólum fá lægri niðurgreiðslur en nemendur eldri skóla, en þannig fá framhaldsnemendur yngri skólanna niðurgreiðslu sem væru þeir byrjendur. Og Reykjavíkurborg greiðir niður allt nám þeirra barna sem læra á blásturshljóðfæri í lúðrasveitum, en stór hluti hinna fjölmörgu gitarnemenda, sem stundar nám um þessar mundir, fær lítinn sem engan stuðning frá borginni. Borgin greiðir niður nám 2.509 nemenda, en um 20% þeirra, 500 manns, eru fullorðið fólk. 3.831 sótti um nám í tónlistarskóla í Reykjavík fyrir skólaárið 2005-2006, þannig að 1.322 nemendur bíða, flestir börn. 218 sóttu um nám í Tónskóla Hörpunnar en borgin ætlar einungis að veita 1/3 hluta þeirra niðurgreiðslu á námið, eða 68.

Tónskóli Hörpunnar hefur krafist borgina um breytingar á þessu úrelta kerfi, en lítið orðið ágengt. Árið 2001 fékk skólinn þann úrskurð hjá Samkeppnisstofnun að borginni væri ekki

UMRÆÐAN
REYKJAVÍKURBORG
OG
TÓNSKÓLARNIR



KJARTAN EGGERTSSON
SKÓLASTJÓRI

Tónskóli Hörpunnar er lítill og fjárvana stofnun og þess vegna leitar hún til eftirlitsstofnana samfélagsins til að úrskurða um rétt sinn gagnvart Reykjavíkurborg. Ef skólinn hefði úr meiri fjármunum að spila væri eflaust búið að leita til dómstóla til að skera úr um meint brot borgarinnar á lögum og reglum.

heimilt að mismuna tónlistarskólunum og mæltist stofnunin til að Reykjavíkurborg setti sér reglur um fjárveitingar til þessara mála sem væru gagnsæjar og fyrir séðar. Það var ekki fyrr en árið 2003 að borgin setti reglur sem höfðu það markmið að uppfylla tilmæli Samkeppnisstofnunar.

Því miður hefur borgin ekki farið eftir þessum reglum og því kærði Tónskóli Hörpunnar til félagsmálaráðuneytisins og krafðist þess að Reykjavíkurborg færi að eigin reglum og leiðrétti fyrir úthlutanir. Úrskurður ráðuneytisins sem kom í júlímánuði sl. olli vonbrigðum, því þrátt fyrir að ráðuneytið setti út á starfsaðferðir borgarinnar þá vill það meina að borgin þurfi ekki að fara eftir eigin reglum, því: að mati ráðuneytisins verður ekki talið að reglurnar hafi sömu stöðu og bindandi reglur eða reglugerðir sem settar eru af stjórnvöldum, eftir atvikum staðfestar af æðra stjórnvaldi og síðan birtar með lögformlegum hætti, eins og segir í úrskurðinum. Þessi niðurstaða ráðuneytisins vekur upp fleiri spurningar en kærinni var ætlað að svara. Reglurnar var borgin setti voru samþykktar með formlegum hætti eins og aðrar þær reglur sem sveitarfélag setja sér. Ef sveitarstjórn er ekki skylt að fara eftir

reglum sem þær setja sjálfum sér þá má spyrja hvort hinum almenna borgara sé skylt að hlýta þeim sömu reglum? Eftir úrskurð ráðuneytisins er óljóst hvort einhverjar reglur eru í gildi hjá Reykjavíkurborg um úthlutun fjármagns til tónlistarskóla.

Tónskóli Hörpunnar er lítill og fjárvana stofnun og þess vegna leitar hún til eftirlitsstofnana samfélagsins til að úrskurða um rétt sinn gagnvart Reykjavíkurborg. Ef skólinn hefði úr meiri fjármunum að spila væri eflaust búið að leita til dómstóla til að skera úr um meint brot borgarinnar á lögum og reglum. Kæra skólans til félagsmálaráðuneytisins var áfangi á þeirri leið að fara með málið til umboðsmanns Alþingis. Það á svo eftir að koma í ljós hvort hann vill taka á málinu. Í þessu máli Tónskóla Hörpunnar fara saman hagsmunir skólans og hagsmunir umbjóðenda hans þ.e.a.s. barnanna í skólanum svo og annarra barna í Reykjavík. Skólinn hefur hingað til reynt að aðskilja lög og reglur frá menningarpólitík borgarinnar í kvörtunum sínum til eftirlitsstofnananna. Það breytir þó ekki því að það að mismuna börnunum eftir því hvar þau búa eða í hvaða tónlistarskóla þau leita, er ekki aðeins hápólitískt mál sem varðar stefnu og markmið þeirra pólitísku flokka sem ráða för í Reykjavík, heldur varðar það einnig jafnréttislög og mannréttindi. Hagsmunir skólans eru hagsmunir nemandanna og öfugt. Þrátt fyrir að samkeppnisfyrirvöld og ráðuneyti hafi bent á annmarka á stjórnsýslu borgarinnar þrást borgin við að gera nokkuð í málinu. Eðlilegast hefði verið að strax árið 2001, þegar tilmæli komu til Reykjavíkurborgar frá Samkeppnisstofnun um breytingar, að borgin hefði sjálf eytt óvissu um lagalegan rétt sinn annars vegar og tónlistarskólanna hins vegar, en ekki látið lítinn skóla úti í bæ um að reyna fá botn í málið. Og málinu er ekki lokið. Vonandi verður niðurstaðan sú að allir skólar eigi sama rétt og að öll börn fái sama rétt til að njóta niðurgreiðslna frá borginni í tónlistarnámi.

Höfundur er skólastjóri Tónskóla Hörpunnar.

UPPGÖTVUM REYKJAVÍK UPP Á NÝTT!

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA / VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU BLADSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

SIRKUS
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSMÍ: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: vistir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Stórútsala

í Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

40-70% afsláttur

af völdum vörum

TAKMARKAÐ MAGN, FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ



**70%
afsláttur**

8.997^{kr}

Verð áður 29.990.

Gestarúm/sófi

- 3 mismunandi stillingar
- Einnig fánlegt í dökkbláu
- Hægt að leggja saman með einu handtaki



12.495^{kr}

Verð áður 24.990.

**40%
afsláttur**

Svefnstóll



**40%
afsláttur**

Kommóður og náttborð
- NOKKRAR TEGUNDIR



29.994^{kr}

Verð áður 59.990.

**50%
afsláttur**

Nuddstóll TS-804F
- NOKKRAR TEGUNDIR



19.995^{kr}

Verð áður 39.990.

**50%
afsláttur**

Leðursófasett 3+1+1 3171
- NOKKRAR TEGUNDIR



41.999^{kr}

Verð áður 69.999.

Sófi 3ja sæta

23.999^{kr}

Verð áður 39.999.

Stóll

**40%
afsláttur**

Leðursófasett 3+2+1 601
- NOKKRAR TEGUNDIR



64.727^{kr}

Verð áður 129.455.

**50%
afsláttur**

Rúm án dýnu - NOKKRAR TEGUNDIR

Gildir til 9. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

*Fæst í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri.

RABINDRANATH TAGORE (1861-1941)
lést þennan dag.



„Ef þú lokar dyrunum fyrir öllum mistökum
mun sannleikurinn lokast úti.“

- Rabindranath Tagore var indverskt skáld sem hlaut bókmennta-
verðlaun Nóbels árið 1913.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Arthur Miller fær uppreist æru

Á þessum degi árið 1958 sneri áfrýjunardómstóll við dómi sem leikskáldið Arthur Miller hafði hlotið ári áður fyrir að sýna óamerísku nefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings vanvirðingu. Miller hlaut dóminn rúmlega ári áður, eftir að hann neitaði að upplýsa nefndina um nöfn meintra kommúnista úr röðum rithöfunda sem hann hafði sótt fund með árið 1947. Skáldið kvaðst ekki vilja koma öðrum mönnum í vandræði með því að gefa upp nöfn þeirra. Lögmáður Millers hélt því fram að eini tilgangur nefndarinnar væri að afhjúpa Miller sjálfan en hefði ekkert með misnotkun vegabréfa að

gera eins og haldið var fram. Arthur Miller og Marilyn Monroe gengu í hjónaband um svipað leyti og yfirheyrslurnar áttu sér stað og fulltyrt lögmáður hans að það væri engin tilviljun, heldur til þess gert að málið fengi sem mesta athygli og til að auka á niðurlægingu Millers. Áfrýjunardómstóllinn hafnaði þessum röksemdum en sneri þó dómnum við því hann taldi að Miller hefði verið fenginn til skýrslutöku á fölskum



7. ágúst 1958

forsendum. Miller hafði svarað öllum spurningum um sig fúslega, en það nefndina um að krefja sig ekki um nöfn annars fólks. Formaður nefndarinnar kvaðst myndu verða við beiðninni en annað kom síðar á daginn. Arthur Miller sagði síðar að eina ástæðan fyrir réttarhöldunum væri sú að hann hefði neitað einum nefndarmanni leyfi um að mynda sig með Marilyn Monroe.

MERKISATBURÐIR

- 1727** Eldgos hefst í Örafajökli og stendur í heilt ár.
- 1772** Útilegumennirnir Fjalla-Eyvindur og Halla eru handtekin á Sprengisandi og færð til byggða.
- 1959** Fyrsta ljósmyndin er tekin af jörðinni úr gervihnetti.
- 1960** Filabeinsströndin hlýtur sjálfstæði frá Frakklandi.
- 1987** Bandarísk kona verður fyrst til að synda frá Bandaríkjunum til Sovétríkjanna.
- 1997** Fyrsti íslenski geimfarinn, Bjarni Tryggvason, fer í geimferð með Discovery.
- 1998** Bandarísk sendiráð í Kenýu og Tansaníu eru sprengd samtímis. Um 200 lást.
- 2000** Flugvél á leið frá Vestmannaeyjum ferst í Skerjafirði. Sex lást í slysinu og í kjölfar þess.

ANDLÁT

Valdimar Jónsson, húsgagnasmiðameistari frá Kringlu í Miðdölum, lést 4. ágúst síðastliðinn.

Jóna Benediktsdóttir, Vöglum, Eyjafjarðarsveit, lést 31. júlí síðastliðinn.

Guðmundur Benediktsson, fyrrverandi útgerðarmaður frá Árgerði, Árskógs-sandi, lést 2. ágúst síðastliðinn.

Magnús G. Helgason, frá Lambastöðum, Seltjarnarnesi, lést í Svíþjóð 2. ágúst síðastliðinn.

Guðjón Sævar Jóhannesson, læknir, frá Kleifum í Gilsfirði, lést 1. ágúst síðastliðinn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

AFMÆLI



Andrés Indriðason, rithöfundur og dagskrárgerðarmaður er 64 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1876 **Mata Hari**
dansari og njósnari.



1904 **Ralph Bunche**
hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1950.

1937 **Magic Slim**
blúsgítaristi.



1960 **David Duchovny**
leikari.

1975 **Charlize Theron**
leikkona.



SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR RÁÐIN DAGSKRÁRSTJÓRI RÁSAR 2:

Leitar að húsi á Akureyri

„Þetta leggst vel í mig. Ég tel að að þetta sé spennandi og ógrandi starf og hlakka til að takast á við það,“ segir Sigrún Stefánsdóttir, nýráðinn dagskrárstjóri Rásar 2 og forstöðumaður svæðisstöðva Ríkisútvarpsins.

Hvaða breytingar boðar væntanlegur dagskrárstjóri? „Fyrst ætla ég að tala við starfsfólk og heyra þeirra hugmyndir. Þá vil ég gjarnan ræða við fráfarað útvarpsstjóra og heyra hans sögu sem og nýráðinn útvarpsstjóra. Eftir það kynni ég áform mín; ég er búin að vera lengi í burtu og held að það sé ekki gáfulegt að vera með stór orð að sinni um hvernig ég ætla að taka á þessu.“

Sigrún hefur búið í Danmörku undanfarin átta ár þar sem hún var yfirmaður upplýsingadeildar norrænu ráðherra-nefndarinnar og norðurlandaráðs. Starfið segir hún hafa verið lærdómsríkt og gefandi en henni fannst vera kominn tími til að söðla um og sló til þegar hún sá stöðu dagskrárstjóra auglýsta. „Mér fannst þetta passa vel við það sem mig langaði að taka mér fyrir hendur næst og er mjög glöð yfir að hafa fengið starfið.“

Dagskrárstjóri Rásar 2 er staðsettur á Akureyri og það hugnast Sigrúnu vel enda er hún Akureyringur sjálf. „Fjölskyldan mín er öll þarna og ég hlakka mikið til að verja tíma með henni.“ Sigrún fer daglega á heimasíðu Moggans og skoðar fasteignaauglýsingar. „Ég vil helst búa sunnan við Glerá, helst uppi á Brekku.“ Hún er búin að



SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR Hugnast vel að flytja á Akureyri eftir langa fjarveru og geta varið tíma með fjölskyldu sinni.

setja húsið sitt í Danmörku á sölu og býst við að flytja heim um leið og það selst. „Svo á ég líka eftir að segja upp gömlu vinnunni, þetta er svo nýtilkom-
ið,“ segir hún og hlær.

Mörgum leikur forvitni á að vita hvort rödd Sigrúnar sjálf

eigi eftir að hljóma í viðtækjum landsmanna á ný og hún útilokar ekkert í þeim efnum. „Það er aldrei að vita, ég ætla bara að sjá hvernig tíminn leggst. Mér finnst útvarpið skemmtilegur og heillandi miðill sem býður upp á endalausa möguleika.“ ■

UNNIÐ AÐ VIÐGERÐUM Á VERKUM SAMÚELS Í SELÁRDAL:

Ljónin fá vatn í munninn á ný

Í sumar hefur verið unnið að lagfæringum á listaverkum Samúels Jónssonar í Selárdal í Arnarfirði. Verkin höfðu látið mjög á sjá enda hafa þau staðið fyrir opnu hafi í hartnær hálfa öld án viðhalds. Félagsskapur áhugamanna var stofnaður fyrir nokkrum árum og hefur hann það meðal annars að markmiði að gera við listaverkin og mannvirki Samúels.

Þýski myndhöggvarinn Gerhard König hóf viðgerðirnar í fyrra og hefur haldið þeim áfram í sumar. Honum hefur orðið vel ágenst og vinnur nú að tengingu vatnsbúnaðarins í ljónagosbrunninum.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á stað-inn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Spádómar

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sam-bandi. Hringdu núna!

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draum-ráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

908 6116 er spákonan Sírrý. Ástir, fjár-mál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Er byrjuð aftur vegna fjölda áskoranna. Spái í spil og lófa, vinn einnig með smærri eða stærri hópa af fólki að sjá úr sínum fyrri lífum. Uppl. í síma 562 5210.

Trésmiði

Getum bætt við okkur sólpöllum, skjól-veggjum og allri almennri gipsvinnu. Uppl. í s. 867 0791 & 865 1863.



HEILSA

Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennisti! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær liðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Líkamsrækt


Til sölu alhliða lyftingabekkur, Power Whider með lóðum. Verð aðeins 25 þús. Uppl. í s. 695 9199.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Vilt þú losna við bakverkina án lyfja og slaka á í leiðinni? Heilsustofa Lilju og Ella. S. 699 0858.



SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla

Nám í útlitsráðgjöf
The Academy of Colour and Style - út-lits- og förðunarskóli. Innritun er hafin fyrir haustönn, uppl. í síma 533 5101.



HEIMILIÐ

Húsgögn

Leðursófasett 3+1+1 dökkbrúnt vel með farið lítið slítið fæst fyrir 25 þús. Sími 824 2052.

Gamalt létt beyki sófasett 3+2+1 +sófaborð til sölu. Borðstofustólar geta fylgt. S. 561 1928 & 862 0856.

Til sölu borðstofuborð úr gleri og 8 leð-urklæddir hvítir stálstólar, barrokk stófa-sett. S. 898 9566.

Barnavörur

Leiðist barninu í bílnum? Bækur á cd-diskum fást á www.hljodbok.is og í b.búðum.

Dýrahald



Til sölu hreinræktaðir Border Collie hvolpar! Eru mjög ljúfir. Frábærir heim-ilis eða smalahundar. S. 456 2237.

Hundabúr-Hvolpagrindur
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opíð mán. til föst. 10 til 18, laug-ard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Tvo Border Collie hvolpa vantar heimili (hundar), mjög flottir, 8 vikna. Uppl. í s. 898 9912 Kári.

Hreinræktaðir íslenskir hvolpar til sölu, ættbók fylgir. Góðir heimilishundar. Hef einnig blendingshvolpa á kostnaðar-verði og gefins kettlinga. Sími 868 4500 eða buland@emax.is



TÓMSTUNDIR & FERÐIR


Byssur

Veidihjóla og stangaviðgerðir.
Byssusmiðja Agnars, sími 891 8113.

Fyrir veiðimenn



Gæsaskot 250 stk. frá 6.100.-
SPORTVÖRUGERÐIN
SKIPHOLT 5 562 8383



www.sportvorugerdin.is



Tóti Tönn og Ingó Ásgeirs fengu 42 laxa á þessa túpu. fæst á www.frances.is

Gæsaveiði
sportmennslands.is Sími 892 1450.

Fluguveiði á Fjöllum!
Kaldakvísl - Tungnaá Fellsendavatn - Þórisvatn Kvíslárveitur (Gístiaðstaða í Versölum S:8522161) Veiðileyfi seld í Hrauneyjum

Veidiportíð



Ertu orðin leiður á að borga 500-700 fyrir einn spún? Spúnar á aðeins 290 kr! Veidiportíð, fyrir hage- kvæma veiðimenn! Grandagarði 3. Sími: 552-9940



Húsnæði í boði

Orlofsíbúðir til leigu á góðum stað í Vestmannaeyjum. Lausir dagar á pýsju- tímanum. Sími 567 0790 & 864 4020.

Rétt fyrir utan Kaup- mannahöfn

Til leigu í eitt ár skemmtileg stúdíó íbúð í Hvidovre, laus 1. Sept. '05. Nánari upplýsingar veitir Orri í síma 0045 22919329.

Til leigu herbergi með aðgang að öllu fyrir ábyrga og reglusama stúlku. Stutt frá FB. Uppl. í s. 866 0796.

Glæsileg 2ja herbergja íbúð til leigu í Dvergabakka 20, þriðja hæð til hægri. opið hús í dag milli kl. 5-6 uppl. í síma 821-7895

Falleg 3ja herb. íbúð á besta stað í 101. leiga 85 þús. á mánuði + rafm. og hiti. Uppl. í s. 692 0099.

Húsnæði óskast

Óska eftir 3ja herb. íbúð í Lækjarskóla- hverfinu í Hafnarfirði. S. 898 2181.

Fjölskylda óskar eftir 3ja herbergja íbúð í vesturbæ Rvk. S. 699 8294.

Óska eftir 2ja herb. íbúð á sv. 107. Reglusemi og skilv. gr. heitið. S. 867 7105.

Par með 2 hunda óskar eftir 3-4 herb. íbúð á jarðhæð. Verður að vera barn- vænt, helst m/afgirtum garði, langtíma- leiga. Greiðslugeta 55-80 þ. á mán. Reglusöm og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 866 4122 & 860 8823 kl. 12-22.

Óskum eftir 3ja herb. íbúð sem fyrst erum á götunni. Upplýsingar í síma 893 6497 eða e-mail jmagga9@hotmail.com

Reglusöm, snyrtileg og skilvís fjölskylda bráðvantar þriggja herb. íbúð 1. sept. Helst í Linda, Sala eða Smárahverfi í Kópavogi. Uppl. 6975863

45 ára einstæður faðir óskar eftir 2ja- 3ja herb. íbúð á höfuðb.svæðinu fyrir 1. sept. Reyklaus, skilvísnum greiðslum heitið. Uppl. í síma 893 9525.

Par með 1 barn óskar eftir 3ja til 4ra herb. íbúð eða einbýli í Smárahverfi í Kópavogi eða nágrenni frá og með 1. sept. eða fyrr. Greiðslugeta allt að 140 þús. á mán. Getur greitt allt að ár fyrir- fram. Uppl. í s. 893 6414.

Starfsm. í utanríkisþjónustunni óskar eftir 4ra herb. íbúð helst í vesturb. Reglusemi og reykleysi. S. 862 2289.

Sumarbústaðir



Lækkað Verð!!!

Seljum síðustu húsin á lækkuðu verði. 37 fm. Verð 1.340.000 kr. 23 fm. Verð 880.000 kr. Uppl. Altækni s/f 869 9007. Heimasíða www.bjalkahus.com

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóð- ir á brettum. Starfað í 18 ár. Uppl. í s. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

ATVINNA

Atvinna í boði

Leikskólakennara/ leiðbeindur

Óskast til starfa í leikskólann Funar- borg Gravvogi
Uppl. gefur Sigríður leikskóla- stjóri í síma 587-9160

Mikil Sala

Vegna mikillar sölu á okkar frábæru heilsu og snyrtivörum frá Volare vantar okkur söluráðgjafa um allt land. Góð laun í boði fyrir duglegt fólk.

Hafðu samband. Eydis Davíðs- dóttir sjálfstæður söluráðgjafi og deildarstjóri Volare s. 869 5226 email eydis@tpostur.is



Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki í verslanir og þjónustuver. Hlutastörf og full störf í boði. Umsækjendur þurfa að vera 17 ára eða eldri. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga! Um- sóknir má nálgast í öllum verslunum Domino's og á heimasíðunni www.dominos.is

Vantar þig vinnu?

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir duglegum einstaklingum til starfa í matvælavinnslu í Mosfells- bæ. Hlutastörf og full vinna í boði. Uppl. í s. 897 3236, Ragnar eða 566 6614, Ragnar eða Sigurður.

Ert þú í leit að starfi?

Viljum bæta við jákvæðu og dug- legu fólki á American Style. 100% starf í boði í vaktavinnu. Líflegur og fjórugur starfshópur á þremur stöð- um Reykjavík / Kópavogi / Hafnar- firði. Æskilegur aldur: 17 ára og eldri. Einnig lausar háð. vaktir alla virka daga frá 11-14.

Upplýsingar veitir starfsmanna- stjóri (Herwig) í síma 568 6836 einnig umsóknir á americanstyle.is

Ert þú ekki að fara í skóla?

Okkur vantar fleira gott fólk í fullt starf í vaktavinnu. Ef þú ert 17 ára og eldri, ert með góða ástundun í vinnu, vilt vinna í skemmtilegu vinnuumhverfi og dugleg/ur þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir gott vinnuframlag í skemmtilegu vinnuumhverfi.

Umsóknareyðiblöð á öllum stöð- um Aktu Taktu og á www.aktu-taktu.is. Erum einnig með störf frá 11-14 alla virka daga sem hentar fólki frá 16 til 50 ára.

Starfsmaður óskast

Bakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu sem fyrst.
Uppl. í s. 555 0480 & 896 9808 Bæjarbakarí í Hafnarfirði.



Óskum eftir vönum barþjónum, (keyrslu), þjónum í sal og glasatínum. Einnig vantar vana dyraverði. Einungis reglusamt og snyrtilegt fólk kemur til greina, eldri en 18 ára. Umsóknir send- ist á rex@rex.is með öllum helstu upp- lýsingum.

Blikksmíði ehf

Óskum eftir að ráða aðstoðarmenn við blikksmíði. Mikil vinna framund- an.
Upplýsingar gefur Jón í s. 565 4111 & 893 4640.

Mosfellsbakarí

óskar eftir handverksbakara til starfa sem first.

Allar nánari upplýsingar veitir Hafliði í síma 5666145 eða 6602151.

Vantar starfsmann sem fyrst

Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakarí okkar, ekki yngri en 20 ára.

Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.

Matráður

Laus er til umsóknar staða matráð- ar í leikskólanum Vínaminni Aspar- felli 10. Staðan er laus frá 22. ágúst 2005, um er að ræða 100% starf. Í leikskólanum eru 47 börn og 10 starfsmenn og er einkarekinn.

Þeir sem hafa áhuga á að sækja um eða kynna sér starfið nánar vinsamlegast hafið samband við Sólveigu Einarsdóttur leikskóla- stjóra í síma 861 8055.

Mosfellsbakarí

á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 7:00-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 5535280 eða 6602153.

Húsasmiðir, mótavinna. Óska eftir að ráða 2-3 samhenta menn í mótauppslátt með PIRI mótum.
Upplýsingar í síma 893 3322. Þið ehf byggingarfélag.



Kentucky Fried Chicken Selfossi

Óskum eftir hressu og duglegu fólki í afgreiðslu og eldhúsi, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum.
KFC Selfoss s. 482 3466

Lagerstarfsmaður óskast

Duglegur röskur starfsmaður óskast á lager hjá matvælafyrirtæki í Kópa- vogi. Vinnutími 8-16 virka daga.
Upplýsingar í síma 540 4500 milli kl. 13- 15 á mánudag.

Ritfangaverlsun

Leikfanga og ritfangaverlsun óskar eftir starfsfólki allan daginn. Svör berist til Fréttablaðsins merkt "stílabók"

Starfskraftur óskast í Jolla Hafnarfirði í fullt starf, hlutastarf eða eftir samkomu- lagi. Reyklaus vinnustaður. Uppl. á staðnum eða í síma 898 6670, Inga.

Viltu stunda holla og góða hreyfingu og fá greitt fyrir? Íslandsþóstur leitar að fólki í fullt starf eða hlutastarf við flokk- un og útbúð. Um er að ræða störf víðs- vegar á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar í síma 580 1000.

Vantar þig vinnu með skóla í haust og vetur? Íslandsþóstur leitar að fólki í tímavinnu við útbúð í 2-5 daga í viku. Aðeins er unnið á virkum dögum. Hent- ar vel skólafólki eða með annari vinnu, aldurstakmark 16 ár. Um er að ræða störf víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu og gæti því verið í næsta nágrenni við þig. Nánari upplýsingar eru í síma 580 1000.

Vantar duglegt starfsfólk í vinnu við hringingingar, góðir tekjumöguleikar. Endilega hafið samband í s. 899 9900 Arnar.

Aðstoðarmanneskja í eldhúsi.

Okkur í leikskólanum Jörfa, 108 Rvk. vantar starfsmann í eldhús sem aðstoð- ar og er staðgengill leikskólakokks í fjar- veru hans. Um er að ræða 100% fram- tíðarstarf. Viðkomandi starfsmaður þarf að vera jákvæður, duglegur, eiga auð- velt að vinna undir annarra manna stjórn og eiga auðvelt með mannleg samskipti. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar gefur Sæunn leik- skólastjóri í síma 553 0347 & 823 8670 á milli kl. 8-16.

Þúsund þjala smiður

Vil komast í samband við fjölhæfan "eldri borgara" til ýmskonar smáverk- efna á einbýlishúsi. Uppl. í síma 557 8454 & 691 6961.

Wilson's pizza Gnoðarvogi 44 óskar eft- ir starfsmanni í afgreiðslu og bakstur. Í fullt/hlutastarf. Hægt er að semja um góðan vinnutíma. Umsóknareyðublöð liggja fyrir á staðnum.

Starfsmenn vantar á lager við afgreiðslu og léttar viðgerðir. Laun greidd eftir samkomulagi. Bílpróf skilyrði. Umsókn á www.formaco.is eða í 824 2050.

Björnsbakarí

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími frá 13:00 til 19:00 og 7:30-13:00. Möguleiki á aukavöktum um helgar. Uppl. á staðnum fyrir kl. 11.00 eða í síma 551 1531. Björnsbakarí Skúlagata. Ingunn.

Óska eftir starfsfólki í afgreiðslu sem og pizzabakara á pizzastað. Uppl. í s. 663 0970.

Getum bætt við vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. DEKKJAHÖLL- IN, s. 462 3002 & 471 2002

Háseta vantar á 140 tonna dragnótar- bát. Uppl. í s. 894 3026, 854 3026 & 894 1638.

Langar þér að fá sístreymi af tekjum. Áttu 8-10 stundir á viku. Kíktu á e- photomax.tk

Hársnyrtir, naglafræðingur og fót- snyrtir óskast til starfa á Beauty Shop, Keflavíkurflugvelli. Um er að ræða bæði heils dags og hlutastörf. Uppl. gefur Sonja í síma 866-9672

Við leitum að góði fólki í ræstingarstörf á höfuðborgarsvæðinu. Nánari uppl. á www.solarservice.org eða í síma 581-4000

Au pair í Luxemburg

Íslensk fjölskylda óskar eftir að ráða Au pair í Luxemburg frá sep/okt. Góð kjör í boði fyrir rétta manneskja, bílpróf æski- legt. Umsóknir óskast sendnar á audurstefans@hotmail.com

Aukavinna

Vegna mikilla verkefna óskar Gallup eft- ir að ráða spyrja til starfa strax. Umsækj- endur þurfa að hafa gott vald á íslensku málfari og vera þjónustulundaðir. Boð- ið er upp á góða vinnuaðstöðu og er lágmarksaldur umsækjanda 18 ár. Nán- ari uppl. hjá Gallup í s. 540 4200.

Laghentur maður óskast til starfa strax í léttan málmíðnað. Uppl. í s. 553 5200.

Barngóð Au pair óskast til hálf íslenskr- ar fjölskyldu á róleghum og öruggum stað í Ísrael. Uppl. í síma 867 4891.

Atvinna óskast

Byggingaverktakar

Afhverju að auglýsa eftir vönum mönnum sem eru ekki til? Leyfðu okkur að aðstoða. Yfir 30 ára reynsla við að finna rétta menn fyrir fyrirtæki. Okkar bresku menn eru mjög hæfir. Allir okkar íslensku við- skiptavinir eru meira en ánægðir með okkar menn. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá hingað.
Upplýsingar í síma 897 8978, Alan.

Tek að mér þríf í heimahúsum. Er á Reykjavíkursvæðinu. Ingibjörg, uppl. í s. 662 1765.

Verkamaður óskar starfi. Uppl. í sími 848 5071.

TILKYNNINGAR

Einkamál



Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 98,9 FRÉTTABLAÐIÐ LÉTT 96,7 VÍSIR

Frístundarlóðir, www.langa.is

Skessubrunnur opið. Skessubrunnur.is


Blómstrandi pottaplöntur, ný sending, Garðheimar.

Útsala, opið til 4, Valhúsgögn, Ármúla.

Microsoft prófgráðunám. Rafiðnaðarskólinn.

Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð

Hringu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á Bylgjunni, Létt og Talstöðinni og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is
Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.



LAGER SALA SENU ER Í FULLUM GANGI

NÝ SENDING
KOMIN



BÍÓMÍÐAR Í BODI
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA


Á THE ADVENTURES OF SHARKBOY AND LAVAGIRL ÆVINTÝRI Í 3VÍDD

TÓNLIST TÖLVULEIKIR DVD
299kr 499kr 699kr 999kr
FYLLTU Á SAFNÐ FYRIR SMÁAURA

FRÍR ÍS Á AKTU TAKTU FYRIR ALLA SEM MÆTA Á LAGERSÖLUNA!

OPIÐ **11-20** ALLA DAGA

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28 (gamla World Class húsinu)



s e n a

Fimmtíu staðreyndir um fimm aldna Íslandsvini

Fimm tónlistarmenn í eldri kantinum heiðra Íslendinga með nærveru sinni á næstunni. *Freyr Bjarnason* gróf upp tíu staðreyndir um hvern listamann fyrir sig, sem allir eiga áratuga reynslu að baki í tónlistarbransanum.

JOE COCKER61 árs

Rétt nafn: Joe Cocker en gekk undir sviðs nafninu Vance Arnold um tíma.

Fæðingardagur: 20. maí 1944.

Fæðingarstaður: Sheffield á Englandi.

Uppruni: Cocker starfaði sem bensínafgreiðslumaður áður hann sló í gegn undir eigin nafni.

Fyrsta hljómsveit: Vance Arnold and the Avengers.

Fyrsta plata: With a Little Help From My Friends (1969).

Vissir þú að...: Cocker hitaði upp fyrir Rolling Stones á tónleikum í heimaborg sinni Sheffield árið 1963 með hljómsveitinni Vance Arnold and the Avengers.

Fræg lög: Hans útgáfa af Bítlaginu With a Little Help From My Friends árið 1968, You Are So Beautiful árið 1975 og dúettinn Up Where We Belong með Jennifer Warnes úr kvikmyndinni An Officer and a Gentleman árið 1982.

Orðspor: Syngur ekki bara með röddinni heldur öllum líkamanum. Besti hvíti sálarsöngvarinn sem Bretland hefur alið.

Á Íslandi: 1. september í Laugardalshöll.



PATTI SMITH59 ára

Rétt nafn: Patti Smith.

Fæðingardagur: 30. desember 1946.

Fæðingarstaður: Chicago.

Uppruni: Ólst upp í Filadelfíu og síðar í Woodbury í New Jersey. Mamma hennar var djasssöngkona og þjónustustúlka. Pabbi hennar vann í orkuver.

Fyrsta hljómsveit: Textasmiður hjá þungarokksveitinni Blue Öyster Cult.

Fyrsta plata: Horses (1975).

Vissir þú að...: Hinn sálugi og mikilsmetni tónlistarmaður Jeff Buckley kom fram sem gestur á plötu Smith, Gone Again, árið 1996.

Fræg lög: Dúettinn Because the Night með Bruce Springsteen 1978 og Dancing Barefoot sem kom út ári síðar. Hljómsveitin U2 gerði sína útgáfu af laginu um miðjan tíunda áratuginn við miklar vinsældir.

Orðspor: Einn áhrifamesti kvenkyns rokkari og textasmiður allra tíma.

Á Íslandi: 6. september á Nasa.



MICHAEL BOLTON51 árs

Rétt nafn: Michael Bolotin.

Fæðingardagur: 26. febrúar 1954.

Fæðingarstaður: New Haven í Connecticut.

Uppruni: Bolton skrifaði undir sinn fyrsta plötusamning aðeins 15 ára. Átrúnaðargoð hans voru Ray Charles, Marvin Gaye og Otis Redding.

Fyrsta hljómsveit: Þungarokksveitin Blackjack.

Fyrsta plata: Michael Bolton (1983).

Vissir þú að...: Bolton átti misheppnaðan sólóferil undir sínu rétta nafni, Michael Bolotin, áður en hann sló í gegn sem ballöðukóngurinn Michael Bolton.

Fræg lög: How Am I Supposed To Live Without You og When a Man Loves a Woman.

Orðspor: Hjartaknúsur, rómantíker og maðurinn með stóru röddina.

Á Íslandi: 21. september í Laugardalshöll.



ALICE COOPER57 ára

Rétt nafn: Vincent Damon Furnier.

Fæðingardagur: 4. febrúar 1948.

Fæðingarstaður: Detroit, Michigan.

Uppruni: Fjölskylda Coopers fluttist frá bíla-borginni Detroit til Phoenix í Arizona þegar hann var ungur að aldri.

Fyrsta hljómsveit: Earwigs.

Fyrsta plata: Pretties For You (1969).

Vissir þú að...: Cooper skrifaði greinar í skólablað Cortez-menntaskólans í Phoenix og var í hlaupaliði skólans.

Fræg lög: School's Out árið 1972 og Poison 1989.

Orðspor: Brautryðjandi í svokölluðu sjökkrokki þar sem leikhúsi og tónleikum er blandað saman í eina stóra sýningu.

Á Íslandi: 13. ágúst í Kaplakrika.



BOBBY MCFERRIN55 ára

Rétt nafn: Bobby McFerrin.

Fæðingardagur: 11. mars 1950.

Fæðingarstaður: New York-borg.

Uppruni: Fluttist snemma með fjölskyldu sinni til Los Angeles og lærði á píanó í menntaskóla. Bæði mamma hans og pabbi voru klassískir söngvarar.

Fyrsta hljómsveit: Píanóleikari með Ice Follies.

Fyrsta plata: Bobby McFerrin (1982).

Vissir þú að...: McFerrin fékk ekki áhuga á söng fyrr en 1977. Hann kom fyrst fram undir eigin nafni 1980 þegar grínistinn Bill Cosby útvegaði honum pláss á Playboy Jazz-hátíðinni í Hollywood Bowl.

Fræg lög: Don't Worry, Be Happy og titillag sjónvarpsþáttanna vinsælu The Cosby Show.

Orðspor: Einn sérstæðasti og fjölhæfasti söngvari heimsins. Getur hljómað eins og þrír söngvarar á sama tíma.

Á Íslandi: 9. ágúst í Háskóla-bíói.



Lagersala

Laugavegi 17

Aðeins tvö verð

500 og 1.000 kr.

DU PAREIL... au même

Laugavegi og Kringlunni

Doherty í skammarkrókinn

Liam Gallagher, söngvari Oasis, segir að hljómsveitin Babyshambles með Pete Doherty í fararbroddi fái aldrei aftur tækifæri til þess að hita upp fyrir Oasis.

Þegar Babyshambles átti að hita upp fyrir Oasis í Bretlandi mætti Doherty ekki á staðinn og sagðist vera strandaglópur í París eftir að hafa verið í afmæli hjá tiskuhönnuðinum Hedi Slimane. Í kjölfarið þurfti Oasis að fá The Zutons, sem spila á Íceland Airwaves í haust ásamt Babyshambles, til að hlaupa í skarðið fyrir sveitina.

„Þetta er ekki spurning um fagmennsku. Við erum besta hljómsveitin í heiminum og við ætlum ekki að leyfa neinum, hvort sem það er Pete Doherty, Liam Gallagher eða Elvis, eyði-



LIAM GALLAGHER Söngvari Oasis hefur gefið skít í Pete Doherty og segir hann ekki fá að hita upp aftur fyrir sveitina.

leggja það,“ sagði Gallagher bálreiður.

Hann hefur nú bæst í hóp þeirra sem þykja lítið til Doherty koma því nýverið lýsti Damon Albarn úr Blur honum sem ofmetnum fyllirafti. ■

Kutcher og Lohan áhrifamest

Ashton Kutcher og Lindsay Lohan eru áhrifamestu ungu leikararnir í Hollywood samkvæmt topp tíu lista tímaritsins Teen People.

Kutcher, sem er 27 ára, hefur undanfarið leikið í kvikmyndunum Guess Who og The Butterfly Effect auk þess sem hann framleiðir þættina Punk'd á MTV.

Lohan, sem er 19 ára, kemst í annað sætið eftir að fregnir bárust af því að hún krefjist nú sjö milljóna dollara fyrir hverja mynd sem hún leikur í, eða um 105 milljóna króna. Lohan er meðal annars þekkt fyrir myndirnar Freaky Friday og Mean Girls.

Í þriðja sæti á listanum er hinn 28 ára Orlando Bloom, sem hefur staðið sig vel undanfarið, m.a. í Hringadróttinsögu, Pirates of



ASHTON KUTCHER Eftir að Kutcher sló í gegn í þáttunum That 70's Show hefur leið hans í Hollywood verið greið.

the Caribbean og Kingdom of Heaven. Í fjórða sætinu er hin sautján ára Hilary Duff og í því

fimmta er Reese Witherspoon sem er eigandi framleiðslufyrirtækisins Type A. ■



PIXIES Rokksveitin heimsfræga ætlar að gefa út DVD-disk á næstunni.

DVD-mynd frá Pixies

Rokksveitin Pixies ætlar að gefa út heimildarmynd á DVD-disk um tónleikaferð sína um heiminn sem hófst í fyrra. Diskurinn, sem kemur út 19. september, nefnist Pixies Sell Out.

Mest verður sýnt frá tónleikum Pixies í Belfort í Frakklandi en einnig verða sýndar upptökur frá hátíðunum Fuji Rock Festival, Coachella og T in the Park. Á meðal laga á disknum verða Here Come Your man, Monkey Gone To Heaven, Where Is My Mind? og Gigantic. ■



UMSLAGIÐ Hljómsveitin Sigur Rós gefur út plötuna Takk í næsta mánuði.

Nýja platan fær andlit

Umslag nýjustu plötu Sigur Rósar, Takk, hefur verið gert opinbert á heimasíðu sveitarinnar. Jón Þór Birgisson, söngvari Sigur Rósar, hannaði umslagið ásamt kærasta sínum og kærustu Orra Páls Dýrasonar trommara.

Platan er væntanleg 13. september en henni hefur þegar verið lekið á netið, rúmum mánuði fyrir útgáfudag. Fyrsta smáskífulag plötunnar verður Gló-sóli. Myndband við fyrstu smáskífu plötunnar verður tekið upp hér á landi innan skamms og verða börn þar í aðalhlutverkum.

Nýja platan er sögð glaðlegri og vela í sér meiri von en sú síðasta. Þá segja þeir sem hlustað hafa á plötuna á netinu að hún valdi engum vonbrigðum og sé mjög góð. ■

Kúba

Reglulegt leiguflug í vetur!

Komdu til Kúbu áður en hún breytist. Eyjan er heillandi fögur, íbúarnir glaðværir og gestrisnir og þú gistir á fyrsta flokks hótélum. Töfrar höfuðborgarinnar Havana eru ólýsanlegir þar sem tónlistin hljómar úr hverju horni.

Flugáætlun:	2. nóv. 2005	7 nætur	Aukaferð
	16. nóv. 2005	7 nætur	Uppselt

6. mars 2006	15 nætur
20. mars 2006	8 eða 15 nætur
27. mars 2006	8 eða 15 nætur
3. apr. 2006	8 eða 15 nætur
10. apr. 2006	8 nætur

Havana í 8 nætur

Verð frá: **89.620***kr.

á mann í tvíbýli á Melia Cohiba í 8 nætur, 3. apríl.

Havana í 4 nætur og Varadero ströndin í 4 nætur

Verð frá: **99.820***kr.

á mann í tvíbýli á hótélunum Melia Cohiba í Havana og Melia Varadero á Varadero í 8 nætur, 3. apríl.

Varadero ströndin í 8 nætur

Verð frá: **104.820***kr.

á mann í tvíbýli á Melia Varadero hótelinu á Varadero ströndinni í 8 nætur, 3. apríl.

* Innifalið: Flug, íslenskur flugvallarskattur, gisting án morgunverðar í Havana og „allt innifalið“ í Varadero. Íslensk fararstjórn. Ekki innifalið: Skoðunarferðir, vegabréfsáritun 2.500 kr., þjóf- og flugvallarskattur, CC 25, sem greiðist við brottför í Havana. Akstur til og frá flugvelli erlendis.

Nánari upplýsingar um ferðina ásamt lýsinum á hótélum er að finna á www.urvalutsyn.is

www.urvalutsyn.is

Úts



10-50%

ala



afsláttur



HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is



Sæti í A-deild tryggt

Íslenska unglíngalandsliðið í körfubolta, skipað leikmönnum 16 ára og yngri, tryggði sér áframhaldandi þátttökurétt í A-deild Evrópumótsins með því að leggja Belga af velli, 64-56. Hefðu íslensku strákarnir tapað leiknum hefði það komið í þeirra hlut að falla niður í B-deild.

sport
sport@frettabladid.is



60 GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON

SEKÚNDUR

Meiðsli eru... leiðinleg.

Valur, KR eða Þór? Sitt lítið af hverju.

Besta liðið á Íslandi í dag? FH er efst í deildinni.

Willum Þór er... besti þjálfari landsins í dag.

Erfiðasti andstæðingur? Meiðslin.

Skora eitt eða leggja upp tvö? Leggja upp tvö, þá eru meiri líkur á sigri.

Besta lið sem þú hefur spilað með? KR 1999, þegar við unnum tvöfalt.

KR er... í öldudal þetta árið.

Besti íslenski íþróttapulurinn? Ég hef gaman að Herði Magnússyni.

Stuðningsmenn Vals... hafa staðið sig frábærlega og gera það vonandi áfram.

Kaffi eða te? Kaffi, takk.

Besti samherjinn er... allt Valsliðið.

Rokk eða popp? Tek frekar smá rokk.

Besti leikmaður heims er... Zidane.

Íslenski boltinn er... ágætur af áhugamennsku að vera.

Efnilegasti leikmaður landsins er... Theodór Elmar Bjarnason hjá Celtic.

> Við óttumst ...

að farsanum um hvaða þjóð kemur í heimsókn á Laugardalsvöllinn þann 17. ágúst til að spila vinnutandsleik við Ísland sé ekki lokið. Þannig kæmi það ekkert sérlega á óvart ef knattspyrnusamband S-Afríku skyldi fljótlega eftir helgi hætta við að koma til Íslands, þar sem það land er jú enn lengra frá Íslandi en Kolumbía.



> Við vonum ...

... að hegðun Viggós Sigurðssonar, landsliðsþjálfara í handbolta, komi ekki niður á unglíngalandsliðinu á HM í Ungverjalandi sem hefst eftir tæpar tvær vikur. Miklar væntingar eru gerðar til íslenska liðsins, sem er byggt á sama kjarna leikmanna og urðu Evrópumeistarar u-18 ára liða fyrir tveimur árum.



LEIKIR GÆRDAGSINS

1. deild karla:

BREIÐABLIK-ÞÓR	1-0
1-0 Kristján Óli Sigurðsson (44.)	
VÖLSUNGUR-HK	2-0
1-0 Birkir Vagn Ómarsson (60.), Arngrímur Arnarsson (90.).	
KA-VÍKINGUR Ó.	1-0
1-0 Jóhann Þórhalsson (74.)	

STAÐAN:

BREIÐABLIK 13	11	2	0	24-7	35
VÍKINGUR R. 13	8	4	1	31-7	28
KA	13	7	3	3 26-12	24
HAUKAR	13	4	3	6 16-17	15
HK	13	3	6	4 12-13	15
VÍKINGUR Ó. 13	4	3	6	10-25	15
VÖLSUNGUR 13	3	3	7	12-18	12
FJÖLNIR	13	4	0	9 19-28	12
ÞÓR	13	3	3	7 16-29	12
KS	13	2	5	6 11-21	11

Enska 1. deildin:

CREWE-BURNLEY	2-1
CRYSTAL PALACE-LUTON	1-2
DERBY-BRIGHTON	1-1
HULL-QPR	0-0
SOUTHAMPTON-WOLVES	0-0
IPSWICH-CARDIFF	1-0
NORWICH-COVENTRY	1-1
READING-PLYMOUTH	1-2
Ívar Ingimarsson lék allan leikinn fyrir Reading og Bjarni Guðjónsson gerði það einnig fyrir Plymouth.	
SHEFFIELD UTD-LEICESTER	4-1
Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn á miðju Leicester.	
STOKE-SHEFF. WED.	0-0
Þórður Guðjónsson lék ekki fyrir Stoke vegna meiðsla.	
WATFORD-PRESTON	1-2

Skoska úrvalsdeildin:

ABERDEEN-KILMARNOCK	1-2
CELTIC-DUNDEE UTD.	2-0
INVERNESS-RANGERS	0-1
LIVINGSTON-FALKIRK	0-2
MOTHERWELL-DUNFERMLINE	1-0

Þýska úrvalsdeildin:

FC KÖLN-MAINZ	1-0
HAMBURG-NURNBERG	3-0
HANNOVER-HERTHA B.	2-2
DUISBURG-STUTTGART	1-1
W. BREMEN-BIELEFELD	5-2
WOLFSBURG-DORTMUND	2-2

Þetta verður enginn æfingaleikur

Chelsea og Arsenal eigast við í dag í hinum árlega leik um Samfélagsskjöldinn í Englandi. Eiður Smári Guðjohnsen verður væntanlega í byrjunarliði Chelsea og mun spila sem fremsti maður á miðjunni.

FÓTBOLTI Það má segja að enska knattspyrnan fari formlega af stað í dag þegar Chelsea og Arsenal mætast í hinum árlega leik deildarmeistara og bikarmeistara um Samfélagsskjöldinn. Leikurinn fer fram á á hinum glæsilega Þúsaldarvelli í Cardiff og er talið líklegt að Eiður Smári Guðjohnsen verði í byrjunarliði ensku meistaranna og leiki rétt fyrir aftan sóknarmanninn Hernan Crespo.

Frank Lampard, leikmaður Chelsea, kveðst búast við skemmtilegum leik þar sem léttleikinn verði allsráðandi, þrátt fyrir að baráttan í þessum leik vilji oft verða meiri en leikmenn og stjórar vilja meina áður en hann hefst.

Chelsea hefur enn ekki náð að sigrar Arsenal undir stjórn Jose Mourinho en báðir deildarleikir liðanna á síðustu leiktíð enduðu með jafntefli. „Við ætlum að breyta því í ár. Við höfum heldur ekki tapað fyrir þeim en við þurfum að sigrar þá sem fyrst til að þekkja tilfinninguna sem fylgir því. Þetta verður enginn æfingaleikur,“ segir Lampard.

„Arsenal er með frábært lið og ég held að ákvörðun Arsene Wenger um að gera Thierry Henry að fyrirliða muni færa ró yfir leik þeirra. Hann er mikill persónuleiki, innan valla sem utan, og ég ber mikla virðingu fyrir honum,“ segir Lampard.

Umræðan í Bretlandi um leikinn snýst að miklu leyti um hvernig Ashley Cole hjá Arsenal muni plumma sig, en eins og einhverjir muna eftir átti hann í leynilegum viðræðum við forráðamann Chelsea á síðustu leiktíð sem öllu miklu fjaðrafoki í Englandi. „Ég ætla bara að láta lítið fyrir mér fara, spila eins vel og ég get og



vona að það hjálpi okkur að sigrar Chelsea í þessum leik,“ segir Cole en viðurkennir að hann þurfi að vinna sér inn traust stuðningsmanna Arsenal á ný eftir að hafa skrifað undir nýjan samning við félagið.

„Ég komst í stöðu þar sem ég gat ekki unnið. Hefði ég farið frá félaginu hefði mér verið slátrað en ég kaus að vera áfram og enn eru margir sem segja að það hafi eingöngu verið vegna peninganna,“ segir Cole sem fær rúmar átta milljónir króna í vikulaun. „En það er ekki satt. Mér líður vel hjá Arsenal og eina leiðin til að sýna það er að gera mitt besta í öllum leikjum. Og ég mun ávallt leggja mig 100% fram í treyju Arsenal,“ segir Cole.

- vig



NÝJU MENNIRNIR Þeir Alexander Hleb hjá Arsenal og Shaun Wright-Phillips hjá Chelsea munu væntanlega koma eitthvað við sögu í leiknum á eftir. Báðir hafa þeir staðið sig framar vonum á undirbúnings-tímabilinu og fallið einstaklega vel inn í leik sinna liða. Hér til hægri má sjá líkleg byrjunarlið liðanna í leiknum í dag og eins og sjá má er um nokkuð hefðbundna uppstillingu að ræða á báðum vígstöðvum, en hjá Chelsea er Hollendingurinn Arjen Robben tæpur vegna meiðsla.



Chelsea 4-3-3

2 fyrir 1 til
Ítalíu
11. og 18. ágúst
frá **kr. 19.990**

Síðustu sætin

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Bologna á Ítalíu þann 11. og 18. ágúst. Nú er tækifæri til að leggja Ítalíu að fótum sér.

kr. 19.990

Flugsæti báðar leiðir með sköttum. 2 fyrir 1 tilboð, 11. og 18. ágúst. Nerverð á mann.

Heimsferðir
Síðgarthiló 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is

Stjórn HSÍ hélt áfram að funda um mál Viggós Sigurðssonar í gær:

Viggó áfram fram yfir HM í Ungverjalandi

HANDBOLTI Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handknattleik, mun halda starfi sínu að minnsta kosti fram yfir heimsmeistarasmót U-21 landsliðs karla í Ungverjalandi, en það fer fram dagana 15.-28. ágúst.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær, sendi Handknattleikssamband Íslands frá sér yfirlýsingu þar sem framkoma Viggós í flugvél Flugleiða þegar piltalandsliðið var að koma til Íslands frá Kaupmannahöfn var hörmuð, en hann hafði þar áfengi um hönd og var með dólglæti.

Viggó segist sjálfur ætla að fara snúa sér að handboltanum enda stutt í mót. „Ég ætla að halda mínu striki sem landsliðsþjálfari og vonast til þess að ná sem bestum árangri í Ungverjalandi. Landslið Íslands í þessum aldursþóp er virkilega gott og er



VIGGÓ SIGURÐSSON

Miklar vonir eru bundnar við U-21 landslið Íslands í handknattleik, en margir leikmanna liðsins urðu Evrópumeistarar U-18 ára landsliða fyrir tveimur árum.

til alls líklegt á mótinu.“

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, segir málefni Viggós hafa verið rædd til hlítar og vonast til þess að piltalandsliðið fái frið til þess að undirbúa sig fyrir mikilvægt mót í Ung-

verjalandi. „Það eru mikilvægir leikir framundan hjá piltalandsliðinu og við ætlum ekki að láta þetta atvik eyðileggja neitt fyrir leikmönnum liðsins, sem gætu vel náð góðum árangri á mótinu.“

- mh

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

ÁSKRIFTARTILBOÐ TIL ÁRAMÓTA:
EINN MÁNUÐUR FRÍTT // SÝN PLÚS FRÍTT // 10 ERLENDAR SPORTRÁSIR FRÍTT* // VERÐ AÐEINS 4.092 KR. Á MÁNUÐI

*SÝN PLÚS og erlendar sportrásir nást aðeins á dreifisvæði Digital Ísland

ALLIR LEIKIRNIR SEM
SKIPTA MÁLI
Í BEINNI Á SÝN

CHELSEA ARSENAL

Í DAG KL. 13:10

SÝN Í ÁGÚST

MEISTARADEILD EVRÓPU:

MAN. UTD. - DEBRECENI
EVERTON - VILLAREAL
CSKA SOFIA - LIVERPOOL
DEBRECENI - MAN. UTD.
VILLAREAL - EVERTON
LIVERPOOL - CSKA SOFIA

FJÓRÐA RISAMÓTIÐ Í GOLFI:


PGA CHAMPIONSHIP

STÓRLEIKIR:

UNGVERJALAND - ARGENTÍNA
DANMÖRK - ENGLAND
KRÓATÍA - BRASÍLÍA
GLASGOW RANGERS - GLASGOW CELTIC
LIVERPOOL - CSKA MOSKVA

LANDSBANKADEILDIN:

FRAM - VALUR
ÍA - VALUR
KR - ÍBV
ÞRÓTTUR - FH
FH - VALUR
FRAM - FYLKIR



Budweiser



SYN
besta sætið

ÚR SPORTINU

Kylfingurinn **Colin Montgomerie** ætlað að gera allt sem hann getur til að geta tekið þátt í opna bandaríska PGA mótinu sem hefst í næstu viku, þrátt fyrir að hafa þurft að draga sig úr keppni á Johnnie Walker mótinu sem fram fer í Gleneagles um þessar mundir.



Montgomerie slasaðist á fingri og var um tíma óttast að hann hefði brotnað, en nú hafa röntgenmyndir sýnt að svo er ekki. Montgomerie sló í gegn á opna breska meistaramótinu í síðasta mánuði þar sem hann endaði í öðru sæti á eftir Tiger Woods og virtist óðum vera að finna sitt gamla form og segir umboðsmaður hans að þess vegna séu meiðslin mikið áfall fyrir Skotann knáa.

Nú bendir allt til þess að enski miðjumaðurinn **Kieron Dyer** skrifi undir nýjan samning við lið sitt Newcastle áður en að flautað verður til leiks í ensku úrvalsdeildinni um næstu helgi. Dyer lenti í ýmsu á síðustu leiktið og var um tíma óttast um hvort hann hefði áhuga á að vera áfram hjá félaginu – fyrst lenti hann í útistöðum við gamla stjórnann **Bobby Robson** og síðan í handalög-málum við samherja sinn **Lee Bowyer**. En nú er Dyer ánægður með lífið og tilveruna hjá Newcastle, ófugt við Jermaine Jenas sem hefur beðið um sölu frá félaginu, og kveðst ætla að framlengja samning sinn á næstu dögum.

Patrekur stefnir á meistaratitil

Keppnistímabilið í handboltanum hefst í næsta mánuði og standa nú yfir miklar æfingar hjá öllum handboltaliðum. Patrekur Jóhannesson er genginn til liðs við sitt gamla félag í Stjörnunni ásamt fjölmörgum öðrum leikmönnum og kveðst hann hlakka mikið til vetrarins.

HANDBOLTI Nýir leikmenn hjá meistaraflokki Stjörunnar í handknattleik karla voru kynntir í gær í nýrri og glæsilegri aðstöðu í Garðabæ, en Stjörnumenn ætla sér stóra hluti á komandi leiktið í handboltanum.

Patrekur Jóhannesson, sem verið hefur atvinnumaður í handknattleik um árabíl, er einn nýju leikmannanna en hann lék með Stjörnunni í yngri flokkum og hóf sinn feril í meistaraflokki með félaginu. „Þetta leggst vel í mig. Ég hef æft á fullu síðan í vor og er að reyna að ná mér góðum af meiðslunum, þó ég geti það nú ekki allveg. Ég hætti í atvinnumennskunni vegna meiðslanna, en hér heima hef ég meira samráð við þjálfarana, þá Sigurð Bjarnason og Magnús Teitsson, um það hvaða æfingar ég get gert og hverjar ekki. En það er hugur í leikmönnum og stjórnamönnum hjá Stjörnunni og það er virkilega gaman að geta komið í mitt gamla félag á uppgangstímum, en það var alltaf ætlunin að gera það. Það eru margir efnilegir leikmenn í hópnum sem eiga eftir að láta mikið að sér kveða í vetur.“

Patrekur er að fara í háskólanám í haust og verður í íþróttak



FJÓRIR FÉLAGAR Hér eru þeir Tite Kalandze, Roland Eradze, Patrekur Jóhannesson og Sigurður Bjarnason. Stjörnumenn ætla sér að berjast um Íslandsmeistaratið í vetur og hafa fengið til liðs við sig sterka leikmenn fyrir komandi átök.

akademíu Íslands í Reykjanesbæ, en þar er félagi hans úr íslenska landsliðinu, Geir Sveinsson, við stjórnvölinn. „Ég var ákveðinn í því að koma heim og fara í nám, og það lá beinast við að fara í íþróttirnar. Ég hef mikla reynslu sem leikmaður og vonandi nýtist hún mér eitthvað í náminu.“

Tite Kalandze og Roland Valur Eradze gengu til liðs við Stjörnuuna frá IBV í vor og segir Sigurður Bjarnason þá vera mikinn liðstyrk og geri félaginu kleift að stefna á að vinna titla. „Það er allveg ljóst frá minni hálfu að Stjarnan verður að berjast um sigur í þeim keppnum sem félagið tekur þátt í. Það er frábært að fá Patrek heim aftur. Hann hefur æft vel að undanfögnu og gefur ungu strákunum ekkert eftir á æfingum. Það er líka gott fyrir yngri flokka-starfið að fá leikmann til baka úr atvinnumennsku sem spilaði á yngri árum með Stjörnunni. Stefnan er sett á að byggja upp gott yngri flokka-starf hér í Garðabæ og innan fárra ára verður vonandi hægt að stilla upp liði hjá meistaraflokki sem er að mestu skipað uppöldum leikmönnum.“

magnush@frettabladid.is

Chelsea einbeitir sér algjörlega að Mickael Essien: Mourinho vill ekki fá Owen

FÓTBOLTI Jose Mourinho lýsti því yfir í gær að félagið ætlaði ekki að festa kaup á enska landsliðsmanninum Michael Owen sem er nú orðaður við annað hvert lið á Englandi. Mourinho segist enga ástæðu hafa til að bæta við sóknarmanni – hann notist við ákveðið leikkerfi þar sem aðeins einn hreinræktaður sóknarmaður spili.

„Ég spila með vængmenn og einn framherja. Við keyptum Dider Drogha og Hernan Crespo dýrum dómum – tveir leikmenn sem ég elska. Charlton Cole er hluti af persónulegu veðmáli, veðmál sem ég vil vinna. Kannski ekki á næstu tveimur mánuðum

en veðmál sem ég mun vinna á endanum,“ segir Mourinho sem augljóslega sér mikla hæfileika í Cole.

Og hæfileikarnir eru einnig til staðar hjá Eiði Smára Guðjohnsen, sem Mourinho hrósaði enn einu sinni þegar hann tók fyrir það að Owen væri á leiðinni. „Þetta eru þrír framherjar sem allir geta staðið sig vel. Svo er ég með Eið sem getur spilað hvar sem ég vil, hvort sem er á miðju eða í sókninni. Það er enginn tilgangur í því að fá einn sóknarmann í viðbót,“ sagði Mourinho og ekki ber á öðru en að Mickael Essien sé eini leikmaðurinn sem Mourinho girnist.

Fjórir leikir fara fram í Landsbankadeild karla í knattspyrnu í kvöld:

Sigursteinninn þreytir frumraun sína gegn Íslandsmeisturum FH í kvöld

FÓTBOLTI Stórleikur þrettándu umferðarinnar sem fer fram að mestu í kvöld er leikur FH og KR í Kaplakrikanum í Hafnarfirði. Sigursteinn Gíslason stjórnar KR í fyrsta skipti í leiknum og verður forvitnilegt að sjá hvaða breytingar hann gerir á liðinu, sem er í sjötta sæti deildarinnar með þrettán stig. Fréttablaðið fékk Loga Ólafsson, annan landsliðsþjálfarana, til að velta fyrir sér leikjum kvöldsins.

„KR getur vel komið á óvart í þessum leik og unnið FH á heimavelli, en ég held þó að FH vinni leikinn. Þrátt fyrir að FH hafi fallið út úr bikarkeppninni gegn Fram á dögnum þá er ég viss um að leikmenn liðsins muni þjappa sér saman og halda sínu striki í deildinni,“ segir Logi um þennan stórleik kvöldsins.

Í Keflavík mætast síðan Keflavík og Þróttur, en staða liðanna í deildinni er ólík þar sem Keflavík er í þriðja sæti með nítján stig en Þróttur í því níunda og næstneðsta með níu stig. „Eftir að Atli Eðvaldsson tók við Þrótti hefur varnarleikur liðsins batnað og það er nauðsynlegt í fallbaráttunni sem er framundan. Það býr mikið í báðum þessum liðum og ég á von á því að það verði skemmtileg knattspyrna spiluð í Keflavík. Ég reikna með því að bæði lið verði frískleg fram á við og spái skemmtilegum leik sem endar með jafntefli.“

Í Vestmannaeyjum mætast



ÚR FYRRI LEIK KR OG FH Í SUMAR FH hefur haft gott tak á KR undanfarin ár. Í fyrri leiknum í sumar vann FH 1-0, með marki frá Jóni Þorgírmí Stefánssyni.

ÍBV og Grindavík, en bæði liðin eru í neðri hluta deildarinnar. „Ég á von á miklum baráttuleik og bæði liðin verða að fá þrjú stig. Þó að leikmenn ÍBV hafi ekki alltaf verið góðir í fyrsta leiknum eftir þjóðhátíð þá er ég viss um að þeir verði baráttuglaðir núna og vinni leikinn.“

Fylkir og ÍA mætast í Árbænum, en Fylkismenn dattu út úr

bikarkeppninni þegar Valur vann þá 2-0 á Laugardalsvelli. „Bæði lið geta spilað ágætis knattspyrnu, þó það takist ekki alltaf. Ég á von á því að það verði jafnræði með liðunum og leikurinn endar því með jafntefli, í baráttuleik.“

Síðasti leikur umferðarinnar fer svo fram á morgun þegar Fram og Valur mætast á Laugardalsvelli.

magnush@frettabladid.is

Birta er komin út!

leiska | tíðarandinn | heilsa | leikhús | utlit | pislar | matur |

birta
fyrsta um heiminn

KABARETT
» Litið inn á æfingu

ÍSLENSKT FRELSI BESTA GJÖFIN
» Linda Mjöll Stefánsdóttir heimshornaflakkarinn

GLAMÚRGELLUR
» Hollywood-skvísur í gulu

SIGNYRÓSDAGURINN 5. ágúst - 11. ágúst

Leikmyndahönnuðurinn og heimshornaflakkarinn
Linda Mjöll komin heim.

Litið inn á æfingu á Kabarett
Tíska - Skemmtilegt skraut í hárið
Hollywood skvísur í gulu
Öflugasta sjónvarpsdagskrá landsins

birta
MEST LESNA • TÍMARIT LANDSINS

Heimsmeistaramótið í frjálsum hófst í Helsinki í gær: Perez vann fyrsta gullið

FRJÁLSAR Jefferson Perez frá Ekvador vann fyrstu gullverðlaunin á heimsmeistaramótinu í Helsinki, þegar hann sigraði í tuttugu kílómetra kappgöngu. Perez gekk á einni klukkustund, átján mínútum og 35 sekúndum. Franska frjálssíþróttakonan Eunice Barber er með tveggja stiga forskot eftir fyrri keppnisdag í sjöþraut en hún hefur hlotið 3.973 stig, en heimsmeistarinn Carolina Klüft frá Svíþjóð er í

öðru sæti.

Bandaríski kúluvarparinn John Godina, sem er þrefaldur heimsmeistari, féll úr leik í gær en hann kastaði kúlunni nítján metra og 54 sentímetra. Godina á tvö lengstu köst ársins en náði sér engan veginn á strik og endaði í sautjándra sæti í forkeppninni. Bandaríkjamadurinn Christian Cantwell kastaði kúlunni lengst allra og Daninn Joachim Olsen varð annar.

- mh



JEFFERSON PEREZ Jefferson Perez var algjörlega uppgefinn þegar hann kom í mark í Helsinki, en hann hafði töluverða yfirburði í göngunni.

LIÐIÐ MITT > BJARNI JÓHANNSSON SETUR SAMAN ÚRVALSLIÐ ERLENDRA LEIKMANNA Í EFSTU DEILD



Þrír leikmenn spila ennþá í efstu deild

Hajrudin Cardaklija: Lék m.a. með Breiðabliki og Leiftri. Frábær markmaður sem var sérstaklega góður maður gegn manni.

Tommy Nielsen: Mjög góður leikmaður sem er að spila núna með stórgóðu liði FH.

Milan Stefán Jankovic: Var frábær leikmaður. Yfirvegaður varnarmaður og með góðan vinstri fót.

Zoran Miljkovic: Einn sigursælasti útlendingurinn í íslenskum fótbolta fyrr og síðar með ÍBV og ÍA. Þekki sjálfur ágætlega til hans.

Izudin Daði Dervic: Einn af fyrstu leikmönnunum sem hingað komu frá Júgóslavíu. Er mjög fjölhæfur leikmaður.

James Bett: Spilaði nú ekki lengi hér á landi

en þeir taktar sem hann sýndi voru alveg magnaðir.

Lúkas Kostic: Leikmaður sem allir þekkja, var í sigursælu Skagaliði. Stjórnaði þar vörninni eins og hershöfðingi. Tel hann einnig góðan kost á miðjuna.

Salih Heimir Porca: Hugmyndafraeðingurinn í þessu liði. Frábær miðjumaður.

Dean Martin: Einn skemmtilegasti vængmaður sem maður hefur séð í íslensku deildinni.

Sinisa Kekic: Magnaður leikmaður sem stendur alltaf fyrir sínu.

Mihajlo Biberčić: Einn markahæsti útlendingur sem hér hefur leikið og er margfaldur Íslandsmeistari.



„Borgvardt verður að skora 16 mörk í deildinni til að komast í þetta lið.“

ÚR SPORTINU

Úkrainumaðurinn **Andriy Shevchenko**, sem hefur verið orðaður við 60 milljón punda sölu til **Chelsea** í allt sumar, lýsti því yfir í gær að hann væri mjög ánægður í herbúðum **AC Milan** og hefði engan áhuga á að fara þaðan. Hinn 28 ára gamli markaskorari kveðst vilja vera trúr Milan, rétt eins og félagið hefur verið við hann. „Milan keypti mig og hafa aldrei viljað sleppa mér, jafnvel þótt félaginu hafi verið boðnir miklir peningar. Forsetinn (Silvio Berlusconi) hefur gert mikið fyrir mig og fjölskyldu mína og ég vill þakka honum fyrir með því að vera áfram. Ég hef verið hér í sjö ár og Ítalía er orðið mitt annað heimili,“ sagði Shevchenko.



Franski sóknarmaðurinn og hinn nýji fyrirliði Arsenal, **Thierry Henry**, kveðst ætla að vera hjá félaginu eins lengi og það vill halda honum. **Henry**, sem á tvö ár eftir af núverandi samningi sínum við félagið, segir ekkert hætt í þeim orðrómi að hann sé óánægður. „Ég hef sagt það oft áður og geri það einu sinni enn - ég er einstaklega hamingjusamur hjá Arsenal. Ég hef nýlega verið gerður að fyrirliða og eins lengi og félagið vill halda mér mun ég vera áfram,“ segir Henry, sem einmitt á í viðræðum um að framfengja samninginn sinn og er talið að hann verði einn hæst launaðasti leikmaður deildarinnar ef hann skrifar undir.



Úrvalsdeildarlið Wigan gekk í gær loksins frá kaupum á sóknarmanninum **Henri Camara** frá Wolves fyrir þrjár milljónir punda. Viðræður við leikmanninn höfðu farið út um þúfur í síðustu viku og benti allt til þess að **Camara** myndi leika með Úlfunum í 1. deildinni í vetur, en á síðustu stundu snérist honum hugur og sættist á við þau kjör sem Wigan bauð. „Þetta eru frábærar fréttir fyrir félagið. Camara er náttúrulegur markaskorari og býr yfir miklum hraða og getu. Hann er mjög góð viðbót við hópinn sem við höfum þegar,“ sagði **Paul Jewell** stjóri Wigan eftir að kynnt hafði verið um kaupin í gær.



Tvær af fremstu tenniskönum Bandaríkjanna, **Lindsay Davenport** og **Serena Williams**, eru nú í kapphlaupi við tímann til að ná sér af meiðslum sem hrjá þær áður en að opna bandaríska meistaramótið hefist í lok þessa mánaðar. **Williams** hefur enn ekki náð sér af fullu af öklameiðslum sem hún hlaut í apríl sl. og hefur enn ekki spilað leik eftir að hafa verið slegin út í þriðju umferð opna breska meistaramótsins. **Davenport** er hins vegar meidd í baki og sagði sjálf í gær að hún væri engan veginn klár í slaginn ef mótið hæfist í dag. „Ég vona að ég lagist á næstu þremur vikum,“ sagði Davenport.



Landslið frá Suður-Ameríku hættir aftur við að koma hingað til lands:

Suður-Afríka kemur í stað Kolumbíu

FÓTBOLTI Landsleik Íslands og Kólumbíu, sem fara átti fram þann sautjándag ágúst á Laugardalsvelli, hefur verið aflýst þar sem knattspyrnusambandi Kólumbíu fannst ferðalagið til Íslands of langt, en það tekur um tvo sólarhringa. Líklegast þykir að landslið Suður-Afríku komi í staðinn. Þetta er í annað skiptið á stuttum tíma sem landslið frá Suður-Ameríku hættir við að koma til Íslands, en Venesúela hætti einnig við á síðustu stundu. Suður-afrískir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Raymond

Hack, forseti knattspyrnusambandsins þar í landi, væri búinn að tilkynna að landslið Suður-Afríku muni mæta því íslenska á Laugardalsvelli þann sautjándag ágúst. Þar kemur einnig fram að þjálfari liðsins, Stuart Baxter, líti á leikinn við Ísland sem góðan undirbúning fyrir leik gegn Burkína Fasó fyrir undankeppni HM á næsta ári. „Ég er mjög feginn að við skulum hafa fengið þennan leik. Nú get ég séð hvernig það hentar okkur best að spila gegn Búrkína Fasó,“ segir Baxter. Eggert Magnússon, formaður

Knattspyrnusambands Íslands, vonast eftir því að frá þessum málum verði gengið sem fyrst. „Forráðamenn knattspyrnusambands Kólumbíu gerðu sér bara ekki grein fyrir því hversu mikið mál það er að koma hingað til lands með landslið og föruneysi þess. Við höfum því strax viðræður við menn í Suður-Afríku og það lítur vel út með að landsliðið þáðan komið hingað og spili. Við höfum unnið að þessu hörðum höndum og vonandi verður skemmtilegur leikur hér þann sautjándag ágúst.“ - mh



EGGERT MAGNÚSSON Formaður Knattspyrnusambands Íslands hefur staðið í ströngu að undanförmu en tvö landslið frá Suður-Ameríku hafa hætt við að koma hingað með skömmu millibili.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? ÁGÚST

4 5 6 7 8 9 10
Sunnudagur

LEIKIR

- ☐ 18.00 ÍBV tekur á móti **Grindavík** á Hásteinsvelli í Landsbankadeild karla.
- ☐ 18.00 **Fylkir** fær **ÍA** í heimsókn í Árbæinn í Landsbankadeild karla.
- ☐ 18.00 **Keflavík** og **Þróttur** mætast á Keflavíkuvelli í Landsbankadeild karla.
- ☐ 18.00 **FH** og **KR** mætast á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði í Landsbankadeild karla.

SJÓNVARP

- ☐ 08.00 **US PGA The International** á Sýn.
- ☐ 10.30 **HM í frjálsum íþróttum** á RÚV. Bein útsending frá öðrum keppnisdegi mótsins.
- ☐ 11.00 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Leeds** og **Millwall** í ensku 1. deildinni.
- ☐ 13.10 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Arsenal** og **Chelsea** um samfélagsskjöldinn.
- ☐ 15.30 **HM í frjálsum íþróttum** á RÚV. Bein útsending frá öðrum keppnisdegi mótsins.
- ☐ 16.30 **Landsbankadeildin** á Sýn. Þáttur þar sem farið er yfir umferðir 7-12 í deildinni og koma góðir gestir í heimsókn.
- ☐ 17.20 **NBA** á Sýn. Sýnt verður frá leik Chicago og Phoenix í úrslitaleinvígi deildarinnar frá því árið 1993.
- ☐ 19.00 **US PGA The International** á Sýn. Þáttur um PGA-mótaröðina í golfi.
- ☐ 20.00 **HM íslenska hestsins** á RÚV.
- ☐ 21.15 **Helgarsportíð** á RÚV.
- ☐ 21.30 **Fótboltakvöld** á RÚV. Sýnt verður frá öllum leikjum kvöldsins en fjórir leikir eru á dagskrá.
- ☐ 23.00 **Landsbankamörkin** á Sýn. Farið verður yfir leiki kvöldsins, öll mörkin sýnd og umdeild atvik krufin til mergjar.
- ☐ 23.30 **Enski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Arsenal** og **Chelsea**.

LANDSBANKA DEILDIN

Keppni allra landsmanna

Frítt á leiki og happdrættispottur

Sextán ára og yngri fá frítt á leiki í Landsbankadeildinni í sumar og lenda í happdrættispotti þar sem dregnir verða út 100 glæsilegir vinningar. Miðar eru afhentir í útibúum bankans.

1. vinningur: 4 flugmiðar og 4 miðar á leik í Meistaradeild Evrópu.

Aðrir vinningar: Áritaðar landsliðstreyjur og vandaðir fótboltar.

VIÐ STYÐJUM ÍSLENSKA KNATTSPYRNU MEÐ STOLTI

NÆSTU LEIKIR LANDSBANKADEILDAR KARLA

sun.	7. ágúst	18:00	ÍBV - Grindavík
sun.	7. ágúst	18:00	FH - KR
sun.	7. ágúst	18:00	Keflavík - Þróttur R.
sun.	7. ágúst	18:00	Fylkir - ÍA
mán.	8. ágúst	20:00	Fram - Valur

Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



Ný frábær þáttaröð frá Edduverðlaunahafanum Páli Steingrímssyni hefst í kvöld, þar sem umhverfismál verða í brennidepli. Í kvöld verður fjallað um byggingu virkjana og áhrif þeirra á náttúruna, sem er eitt mesta deilumál síðari tíma – mál sem allir hafa skoðun á.

NÁLÆGÐ VIÐ NÁTTÚRUNA

Í kvöld kl. 19:40



GOTTI FOLK MCCANN

STUÐ MILLI STRÍÐA · Viljinn til valds

PÓRARINN PÓRARINSON TELUR EINRÆÐISHERRA BEST GEYMDA Í HÚSFÉLÖGUM.

MYND: HELGI SIGURSSON



Ég hef stundum reynt að sálgreina fólk sem hefur metnað til að stjórna húsfélögum og hef komist að þeirri niðurstöðu að hinn dæmigerði formaður húsfélags sé minnipokamanneskja sem ekki hefur fulla stjórn á eigin lífi og fær útrás með því að reyna að ráðskast með tilveru annarra.

Fyrir utan hússtjórnarpólitík held ég að stúdentapólitík hljóti að vera fánýtasta stjórn málaþrótt sem til er. Háskóla fólk er það lítill hópur að hagsmunir allra ættu að fara saman þannig að það sé alger óþarfi að skipa sér í andstæðar fylkingar til þess að reka réttindabaráttu þeirra

sem byggja þetta litla samfélag. Það hefur hins vegar þótt líklegt til flokkspólitíks frama að ganga fram fyrir skjöldu í háskólapólitík. Þannig að það má líta á stúdentapólitíkina sem æfingu í litlum sandkassa áður en hægt er að fá gjaldgengi í stóra sandkassanum við Austurvöll.

Stjórnendur húsfélaga hafa aldrei komist að í stúdentapólitík og meðal-húsfélagsstjórnandi nær því hátindinum þegar hann öðlast vald yfir örfáum samborgurum sínum og getur tuðað yfir því að nágrannar sínir spili tónlist eftir miðnætti og hendi ekki ruslinu sínu í lokuðum pokum.

Þó að hússtjórnendur séu upp til hópa leiðinlegir smáborgarar sem vilja koma reglu á líf annarra með stundatöflum, excelskjölum og

tölvuprentuðum tilskipunum eru þeir samt mikilvæg tannhjól í gangverki samfélagsins. Maður verður bara að leiða hjá sér hvítleiða smámunasemina og músarholusjónarmiðin og þakka fyrir að einhver sé nógu vitlaus til að nenna að standa í þessu. Þetta eru samt stórhættulegar manngerðir og það er því í raun ákaflega jákvætt að þær láti sér nægja að drottna yfir litlum mikrókosmosum og fái vilja sínum til valds svarað í fjölbýlishúsum. Stundum komast því miður einstaka húsfélagsstjórnar til valda og metorða úti í hinum stóra heimi. Þá er voðinn vís eins og dæmin sanna en einn slíkur fer nú með hússtjórn í Hvíta húsinu og annar komst einu sinni til valda í Þýskalandi. ■

myndasögur


PONDUS

Eftir Frode Överli



PÚ OG PA

Eftir SÓB



Haraldar Blöndal minnst á Grænlandi

Skákfélagið Hrókurinn stendur að skákhátíð á Grænlandi dagana 9. til 15. ágúst, í samvinnu við Flugfélag Íslands, Barnaheill á Íslandi og fleiri aðila. Skákhátíðin verður í Tasiilaq á austurströnd Grænlands en þar búa næstu nágrannar Íslendinga. Hápunkturinn verður Grænlandsmótið 2005 sem er alþjóðlegt atskákmót þar sem stórmeistarar, áhugamenn og börn frá Íslandi og Grænlandi tefla. Það fer fram helgina 13. og 14. ágúst, Grænlandsmótið 2005 er helgað minningu Haraldar Blöndal hrl. sem lést á síðasta ári. Haraldur var einn af stofnendum Hróksins og í fyrstu stjórn félagsins. Hann var máttarstólpi í starfi félagsins og meðal yfirdómara á mörgum helstu alþjóðamótum Hróksins.

Þetta er þriðja árið í röð sem Hrókurinn stendur fyrir skákhátíð á Grænlandi í samvinnu við FÍ og fleiri aðila. Skáklistin var að kalla óþekkt meðal Grænlandinga



HARALDUR BLÖNDAL Var einn af stofnfélögum Hróksins. Hann lést langt fyrir aldur fram í fyrra en Hrókurinn tileinkar Grænlandsmótið í ár minningu hans.

- ■ TÓNLEIKAR

☐ 21.00 Sænski djassgitarleikarinn **Andreas Öberg** með tónleika í **Edenborgarhúsinu** á Ísafirði.
- ■ OPNANIR

☐ 16.00 Sýningin **TÍVOLI**, sem sækir innblástur meðal annars í heim afþreyingar og dægurmennningar, leikja, tilrauna og skemmtunar opnar í **Listasafni Árnesinga**. Sýningarstjórn er í höndum Þuríðar Sigurðardóttur og Markúsar Þ. Andréssonar. Um er að ræða samsýningu á nýjum verkum eftir 23. listamenn.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

!

Talstöðin

Stjórðar eftir Thomas WILKIN, Charles STRIDE & Martin CHAPMAN

Annie

í Austurbæ

Næstu sýningar eru:
Í dag kl. 14 örfá sæti laus
6. sýn. sun. 7/8 kl. 14 örfá sæti laus
7. sýn. fim. 11/8 kl. 19 sæti laus

midí.is
551 4700 & 551 0200

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
frá kl. 9.00 til 17.00 alla virka daga.



KÁTIR KRAKKAR Smáfólkið í Tasiilaq tók skáksendisveit Hróksins fagnandi í fyrra. Víða á Grænlandi er fátt um skipulagða afþreyingu fyrir börn en það er hryggileg staðreynd að félagslegt ástand á Grænlandi er með því versta sem þekktist á norðurhveli. Skáklandnáminu er meðal annars ætlað að auðga menningarlíf Grænlandinga og lyfta anda unga fólksins.

Þangað til árið 2003 þegar fyrsta alþjóðlega mótið var haldið í Qaqortoq á Suður-Grænlandi. Í lok hátíðarinnar 2003 var stofnað Skáksamband Grænlands, og hefur það síðan unnið ötullega að útbreiðslu skákarinnar, einkum meðal barna og ungmenna. Árið 2004 lá leiðin til Austur-Grænlands, þar sem haldin var mjög vel heppnuð hátíð og alþjóðlegt skákmót.

Kristian Guttesen, framkvæmdastjóri Hróksins, segir það sérstakt ánægjuefni að samtökin Barnaheill á Íslandi komi nú til liðs við skáklandnámið meðal barna á Grænlandi. Fulltrúar Barnaheilla verða með í för, og verið er að kanna möguleika á að Hrókurinn og Barnaheill standi saman að útgáfu á fræðsluefni fyrir grænlenk börn.

Grænlandingar hafa tekið skákinni tveim höndum. Þannig

tók Jónatan Motzfeldt, forseti grænlenka þingsins, þátt í fyrsta Grænlandsmótinu, eins og hinn íslenski starfsbróðir hans, Halldór Blöndal. Sveitarfélögin á Suður- og Austur-Grænlandi hafa stutt skáklandnámið með ráðum og dád og formaður menntamálanefndar grænlenka þingsins lýsti þeirri skoðun að skák eigi að verða námsgrein í grunnskólum.

Með hátíðinni í Tasiilaq 2005 er landnámi skákarinnar haldið áfram á Grænlandi. Haldin verða námskeið fyrir börn, eins og undanfarin ár, og verður Henrik Danielsen, skólustjóri Hróksins, umsjónarmaður skákskólans á Grænlandi líkt undanfarin ár. Þá verður efnt til útskákmóts á aðal-torginu í Tasiilaq, haldin fjöltefli og efnt til margskonar viðburða.

Flugfélag Íslands býður skák-áhugamönnum ferðir til Tasiilaq í tilefni hátíðarinnar. ■

REISUBÓKARBROT

FREYR GÍGJA BLAÐAMAÐUR ER Á RÁÐSTEFNU UM RÉTTINDABARÁTTU UNGS SAMKYNNHNEIGÐS FÓLKS Í EVRÓPU.

Minntími er ekki kominn

Það var sól í Davos á föstudag. Ég fór upp á fjall og skoðaði gamalt heilsuhæli sem hafði verið breytt í hótél fyrir hina ríku og frægu. Þar var einnig verið að taka upp raunveruleikabátt fyrir svissneska sjónvarpið. Ungir krakkar sem áttu að lifa eins og á fimmta áratug síðustu aldar. Ég gekk óvart inn í eina tókuna og var húðskammaður á þýsku.

Fyrir framan hótelið drakk ég Prosecco með sírópi. Leið eins og hefðarmanni frá byrjun 20. aldar. Mér var sagt að Kofi Annan og Al Gore kæmu hingað reglulega. Þeir væru þó ekki hér núna. Hefði verið gaman að hitta annan hvorn þeirra.

Þýski rithöfundurinn Thomas Mann kom hingað til að heimsækja konuna sína sem var með berkla. Þá var bærinn fullur af ungu ríku fólk sem var veikt en lifði glæsilegu líf. Hann varð fyrir svo miklum hughrifum að hann gerði sér upp lungnasjúkdóm og skrifaði sína þekktustu skáldsögu, Töfraljallið.

Það lá þoka yfir bænum um laugardagsmorguninn. Kvöldið hafði verið meira en lítið skrítið. Rúmenski blaðamaðurinn hafði

reynt við mig á veitingastaðnum, ætlaði að sjúga á mér puttann. Hann sagði mig vera of myndarlegan til að vera gagnkynhneigður. Ég tók því sem hrósi. Ég vildi frekar vera á svölunum mínum með einn bjór og virða fyrir mér stjórnmennar...einn.

Á leiðinni frá Davos gerði ég mér grein fyrir því að ferðin væri brátt á enda. Ein nótt eftir í Zurich. Ef til vill, í fjarlægðri framtíð, myndi ég koma aftur til Davos. Sitja með Kofi og Al míns tíma.

Við m y n d u m drekka te og ræða heimsmálin uppi í ölpunum í glampandi sól og blankalogni. Minntími var b a r a e k k i kominn.



!

90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

Nýtt símanúmer

hjá dreifingu:

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

395!

Hetjan úr Persaflóastríðinu

Schwarzkopf

veiðir lax á Íslandi

Hér & nú

RYKIÐ DUSTAD AF VALGEIRI

BAKSVÍÐS MEÐ STUDMÖNNUM

Aleinn í London

Eiður Smári Guðjohnsen

Konan flutt heim með synina

Skólinn að byrja

Heiðveig hamingjusöm

Laus & liðug

ÁSDÍS RÁN OG GÁRDAR

Sexi sæt

Eignuðust lítinn strák

Ragga og Birkir Ást í brekkunni

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér & nú

ÚR BÍÓHEIMUM

í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning?

„I'd rather set my head on fire and have it put out with a sledgehammer.“

Loose Cannons árið 1990.
Hljúkunnartræðingur úr kvikmyndinni Svær:

dagskrá




Í TÆKINU HEILLAÐI GOSPEL- OG POPPUNNENDUR

JESSICA ER AÐALPERSÓNAN Í NEWLYWEDS Á SIRKUS KL. 20.30 Í KVÖLD.

Jessica Ann Simpson fæddist 10. júlí árið 1980 í Dallas í Texas í Bandaríkjunum. Hún ólst upp í smábænum Richardson og æska hennar var draumi líkust. Pabbi hennar var prestur í Baptistakirkjunni í bænum og því tók Jessica virkan þátt í kirkjustarfinu og söng í kirkjukórnum. Hún var og er afskaplega hæfileikarík söngkona þannig að þegar hún var tólf ára fór í áheyrnarprufu fyrir Mikka mús klúbbsinn þar sem Justin Timberlake og Britney Spears stigu sín fyrstu skref. Hún klúðraði prófinu og fékk ekki inni. Brátt tók lítið merki, Proclaim Records, eftir henni og bauð henni plötusamning. Hún hljóðritaði fjöldann allan af gospel-lögum en rétt áður en platan átti að koma út fór fyrirtækið á hausinn.

Jessica gafst ekki upp og fór á ferðalag með umboðsmanninum föður sínum og ferðaðist á milli kristinna tónleika. Hún sló í gegn og kom fram með frægum gospel-söngvurum eins og Kirk Franklin



og Ce Ce Winans. Heimagerðu plöturnar hennar seldust eins og heitar lummur og hún heillaði líka poppunnendur. Tommy Mottola hjá Columbia Records/Sony Music hreifst af Jessicu og hún fékk plötusamning hjá honum. Fyrsta platan hennar, Sweet Kisses, kom út árið 1999 og innihélt lög eins og I Wanna Love You Forever og I Think I'm In Love With You. Hún fór í tónleikaferðalag með hljómsveitinni 98 Degrees og fyrr en varði varð hún ástfangin af einum meðliminum, Nick Lachey. Árið 2001 gaf hún út plötuna Irresistible og komst hún í þriðja sæti. Þriðja plata hennar, In This Skin kom út árið 2003. Ljóst var að Jessicu-æði hafði gripið heiminn. Jessica og Nick giftu sig í október árið 2002 og MTV bauð þeim að gera raunveruleikabáttinn Newlyweds. Hann sló í gegn og gekk í þrjú ár. Jessica er nýbúin að leika í myndinni The Dukes of Hazzard og leikur í annarri mynd á næsta ári, Room Service.

Þrjár bestu myndir Jessicu:

That 70s Show - 2002 Newlyweds - 2003 The Dukes of Hazzard - 2005



▶ 21.25
BÍÓ

HITLER: THE RISE OF EVIL



▶ 20.30
Fræðsla

HÆTTUR HAFSINS



▶ 19.30
Gaman

SEINFELD 2



▶ 21.00
Fréttir

DATELINE



▶ 19.00
Íþróttir

US PGA

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Engilbert **8.11** Hænsnakofinn **8.19** Brummi **8.33** Magga og furðudýrið **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.25** Teiknimyndir **9.32** Liló og Stich **9.55** Matta föstra **10.30** HM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá Helsinki.

12.30 Stríðsárín á Íslandi (1:6) **13.35** Kúba – Viltta eyjan í Karibahafi **14.30** Stundin okkar **15.00** Krakkar á ferð og flugi (12:20) **15.20** Táknmálsfréttir **15.30** HM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá mótinu sem fram fer í Helsinki.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 HM íslenska hestsins (4:4)
20.30 Málsvörn (23:29) (Forsvar) Danskur myndaflokkur um lögmenn sem vinna saman á stofu í Kaupmannahöfn og sérhæfa sig í því að verja sakborninga í erfiðum málum.

21.15 Helgarsportíð
21.30 Fötboltakvöld
▶ **21.45** Hitler - Upphaf hins illa (1:2) (Hitler: The Rise of Evil) Kanadísk sjónvarps-mynd í tveimur hlutum frá 2001 þar sem ævi Adolfs Hitler er rakin frá fátækt æskuáranna í Austurríki til þess tíma að hann var orðinn leiðtogi nas-ista og æðsta vald þriðja ríkisins. Leik-stjóri er Christian Duguay. Seinni hluti myndarinnar verður sýndur að viku liðinni.

23.15 Kastljósið **23.35** Útvarpsfréttir í dag-skrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.20 Going for Broke **8.00** Osmosis Jones **10.00** A Hard Day's Night **12.00** Pokemon 4 **14.00** Osmosis Jones **16.00** A Hard Day's Night **18.00** Pokemon 4 **20.00** Going for Broke **22.00** La Virgen de los sicarios (Stranglea bönnuð börnum) **0.00** Home Room (Bönnuð börnum) **2.10** Windtalkers (Stranglea bönnuð börnum) **4.20** La Virgen de los sicarios (Stranglea bönnuð börnum)



7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Litlir hnettir, Kyrín Kolla, Véla Villi, Pingu, Sullukollar, Töfravagn-inn, Svampur Sveins, Smá skritnir foreldrar, Könnuðurinn Dóra, Ginger segir frá, WinxClub, Titeuf, Batman, Skrimslaspilið, Froskafjör, Shoebox Zoo)

12.00 Neighbours **13.00** Neighbours **13.25** Idol - Stjörnuleit 2 **14.20** Idol - Stjörnuleit (12:37) (e) **15.15** Idol - Stjörnuleit (13:37) (e) **15.40** The Enforcers: Inside the D.E **16.30** Einu sinni var **16.55** Apprentice 3, The (10:18) **17.45** Oprah Winfrey

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.15 Whose Line Is it Anyway?
19.40 Nálægð við náttúruna (Öræfakýrröð) Þáttaröð frá Páli Steingrímssyni.
▶ **20.30** Hættur hafsins Ný heimildarmynd um íslenska sjómenn og störf þeirra við mjög erfið skilyrði.
21.20 Monk (4:16) (Mr. Monk Gets Fired) Rannsóknarlöggan Adrian Monk er einn sá besti í faginu. Aðferðir hans eru oft stórfurðulegar en árangursrik-ar.
22.05 Revelations (5:6) (Hugljómun) Hér mætast tvær gjörólíkar sálir sem ör-lögin leiða saman í óvenjulega veg-ferð. Bönnuð börnum.
22.50 Medical Investigations (17:20) (Lækna-gengið) Doktor Stephen Connor fer fyrir sérfræðingasveit sem er kölluð til þegar hættu er á ferðum og stöðva þarf plágur og smitsjúkdóma.

23.35 American Pimp **1.00** The 4400 (6:6) (e) (Bönnuð börnum) **1.45** Stranger Inside **3.10** Fréttir Stöðvar 2 **3.55** Tónlistarmynd-bönd frá Popp TÍVÍ

OMEGA

8.00 Barnaefni **9.00** Billy Graham **10.00** Robert Schuller **11.00** Samverustund **12.00** Blandað efni **12.30** Acts Full Gospel **13.00** Ulf Ekman **14.00** Um trúna **14.30** Gunnar Por-steins. (e) **15.00** Ron Phillips **15.30** Mack Lyon **16.00** Dr. E. Frank **16.30** Freddie Filmore **17.00** Samverustund (e) **18.00** Blandað efni **18.30** Peter Popoff Ministries **19.00** Believers Christian Fellowship **20.00** Blandað íslenskt efni **21.00** Jimmy Swaggart **22.00** The Way of the Master **23.00** Voice of Triumph **23.30** Miracle Moments **0.00** Miðnæturhróp

SIRKUS

14.00 The Joe Schmo Show (6:8) **14.45** Sjáðu **15.00** The Newlyweds (11:30) **15.30** The Newlyweds (12:30) **16.00** Joan Of Arcadia (5:23) **16.50** Supersport (4:50) **17.00** American Dad (5:13) **17.30** Friends 2 (4:24) **18.00** Friends 2 (5:24)

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Game TV
▶ **19.30** Seinfeld 3
20.00 Miami Uncovered Miami er vinsæll áfangastaður enda gleðin þar við völd allan sólarhringinn. Bönnuð börnum.
21.00 The Newlyweds (13:30) Í þessum þátt-um er fylgst með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og eiginmanni henn-ar Nick Lachey.
21.30 The Newlyweds (14:30)
22.00 Road to Stardom With Missy Elliot (7:10) Raunveruleikabáttur með Hip-Hop-divunni Missy Elliot þar sem 13 ungmenni berjast um að verða næsta Hip-Hop/R&B stjarna Bandarík-j-anna.
22.45 Tru Calling (6:20) Tru Davis er lækna-nemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannlífum.

23.30 David Letterman **0.15** David Letterman

E! ENTERTAINMENT

12.00 The E! True Hollywood Story **19.00** What Hollywood Taught Us About Sex **21.00** Uncut **22.00** What Hollywood Taught Us About Sex **0.00** Uncut **1.00** High Price of Fame

SKJÁREINN

12.00 Þak yfir höfuðið (e) **13.00** The Crouches (e) **13.30** Burn it (e) **14.00** Dateline (e) **15.00** The Biggest Loser (e) **16.00** My Big Fat Greek Life (e) **16.30** Coupling (e) **17.00** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **18.00** Providence (e)

18.45 Ripley's Believe it or not! (e)
19.30 Wildboyz (e)
20.00 Worst Case Scenario
20.50 Þak yfir höfuðið Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
▶ **21.00** Dateline Tvær litlar telpur leggja spenntar af stað í helgarferð en finn-að látnar í Flórídafylki.
21.50 Da Vinci's Inquest Þættirnir byggja á lífi Larry Campbell, metnaðarfulls og vand-virks dánardómstjóra í Vancouver.
22.40 The Matthew Shepard Story Rúmlega títugur maður verður fyrir árás sem rakin er til samkynhneigðar hans. Hann deyr af sárum sínum og morð-ingjarnir eru dæmdir til dauða. For-elðrar fórnarlambins hafa fylgst með málaferlunum en þegar á hólminn er komið, fær mamman bakþanka í af-stöðu sinni til dauðarefsingarinnar.

0.15 Cheers (e) **0.45** The O.C. **1.30** Hack **2.15** Östöðvandi tónlist

AKSJÓN

7.15 Korter **14.00** Samkoma í Filadelfíu **18.15** Korter **20.30** Vatnaskil - Filadelfía **21.00** Niubió - 4 days **22.15** Korter



8.00 US PGA The International **11.00** Enski boltinn. Bein útsending frá leik Leeds United og Millwall á Elland Road.

13.40 Enski boltinn. Bein útsending frá leik Chelsea og Arsenal um Samfélagsskjöldinn. **16.20** Landsbankadeildin (Umferðir 7-12) **17.20** NBA - Bestu leikirnir (Chicago Bulls - Phoenix Suns 1993)

▶ **19.00** US PGA The International Bein út-sending frá The International sem er liður í bandarísku mótaröðinni. Rod Pamplng sigraði á mótinu í fyrra og á því titil að verja. Leikið er í Colorado.
22.00 Landsbankamörkin Mörkin og mark-tækifærin úr þrettándu umferð Lands-bankadeildarinnar en þá mætast eftir-talin félög: IBV - Grindavík, FH - KR, Keflavík - Þróttur, Fylkir - ÍA og Fram - Valur.
22.30 Enski boltinn (Chelsea - Arsenal) Út-sending frá leik Chelsea og Arsenal um Samfélagsskjöldinn. Þetta eru tvö bestu lið Englands. Meistaratitlinum var fagnað á Brúnni en Skytturnar hrósuðu sigri í bikarkeppninni. Arsenal hefur haft gott tak á Chelsea undan-farin ár en Eiður Smári og félagar náðu þó að hrósa sigri í leik liðanna í Meistaradeildinni á síðasta ári.

0.20 NBA (SA Spurs - Detroit)

POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga

MIAMI UNCOVERED

KL. 20:00



NEWLYWEDS

KL. 21:00



ROAD TO STARDOM

KL. 22:00



Í KVÖLD Á SIRKUS

FYLGSTU MEÐ!



JÓNSSON & LEMACKS • 11.18

Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tíví var áður. Popp Tíví er á annarri rás á Digital Ísland.

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Chelsea – Arsenal

Stórleikur um Samfélagsskjöldinn

Chelsea og Arsenal leika um Samfélags-skjöldinn í dag en stórleikur félaganna er í beinni á Sýn. Þetta eru tvö bestu lið Englands en meistaratitlinum var fagnað á Brúnni og Skyttunar hrósuðu sigri í bikarkeppninni. Arsenal hefur haft gott tak á Chelsea undanfarin ár en Eiður Smári og félagar náðu þó að hrósa sigri í leik liðanna í Meistaradeildinni á síðasta ári. Eilítlar breytingar hafa orðið á leikmanna-hópum liðanna í sumar en stærsta breyt-ingin er brothvarf Patricks Vieira frá Arsenal.



Arsenal.

Sýn kl. 13.10

*Í fyrra lauk báðum viðureignum félaga-
anna í úrvalsdeildinni með jafntefli.*

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðna-son e. 10.03 Gullströndin – Skemmtipáttur Reykjavíkurakademíunnar 11.00 Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir

12.10 Barnatíminn : Elisabet Brekkan. 13.00 Sögur af fólki. 14.00 Uppeldispátturinn – U: Berghildur Erla Bernharðsdóttir. 15.03 Bló- pátturinn 16.00 Tónlistarpáttur Dr. Gunna. 18.00 Hitt og þetta úr Allt&sumt e. 19.00 Barnatíminn e. 20.00 Messufall e. 21.00 Gullströndin – Skemmtipáttur e.

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahagahægi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykja- vík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnu- dagsmorgni 9.03 Á sumargöngu 10.15 Frændur okkar í Persíu 11.00 Guðspjónusta í Breiðholtiarkirkju

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Sakamálaeikrit: Mærin í snjónum 14.10 Menntavinur á nitj- ándu öld 15.00 Söngvar borgarstrætanna 16.10 Sumart. evrópskra útvarpsstöðva

18.28 Sögur og sagnalist 19.00 Íslensk tón- skáld 19.50 Óskastundin 20.35 Frakkneskir fiskimenn á Íslandi 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Úr kvæðum fyrri alda 22.30 Teygian 23.00 Trapp fjölskyldan og Tónaflóð

ÚTVARP SAGA FM 99,4

9.03 ÓLAFUR HANNIBALSSON 10.03 RÓSA ING- ÓLFSDÓTTIR 11.03 ARNPRÚÐUR KARLSDÓTTIR

12.25 Meinhornið (endurfl. frá laug.) 12.40 MEIN- HORNID 13.05 JÖRUNÐUR GUÐMUNDSSON 14.03 KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

15.03 ÓSKAR BERGSSON 16.03 VIÐSKIPTAÞÁTT- URINN 17.05 GÚSTAF NIELSSON 18.00 Meinhom- ið (endurfl) 19.40 Endurflutningur frá liðnum degi.

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.08 Rokkland

18.00 Kvöldfréttir 18.05 Fótboltarásin 22.10 Popp og ról

0.10 Ljúfir næturtónar 2.03 Næturtónar

ÆÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT 12.30 Cycling: UCI Protour Eneco Tour 14.15 Ski Jumping: FIS Grand Prix Hinterzarten 15.30 Athletics: World Championship Helsinki Finland 18.45 Fight Sport: Fight Club 19.45 Motor- sports: Motorsports Weekend 20.15 Car Racing: World Series by Renault Oschersleben 20.30 Rally: World Championship Finland 21.00 Tennis: WTA Tournament San Diego 22.30 Superbike: World Championship Brands Hatch United Kingdom

BBC PRIME 12.00 Classic EastEnders 13.00 EastEnders Omnibus 15.00 Wildlife Specials 16.00 One Foot in the Grave 16.30 2 point 4 Children 17.00 Home From Home 17.30 The Life Laundry 18.00 Two Thousand Acres of Sky 19.00 No Going Back 20.00 Escape to the Country 21.00 SAS Survival Secrets 22.00 Body Hits 22.30 Human Race 23.00 A History of Britain 0.00 British Isles: A Natural History 1.00 Greek Language and People

NATIONAL GEOGRAPHIC 12.00 Built for the Kill 13.00 Fat Plague 14.00 Cassandra Crossing 16.00 Air Crash Investigation 17.00 Cyberwars 18.00 Seconds From Disaster 19.00 USS Ronald Reagan 20.00 Vict- ory in the Pacific 0.00 Paranormal?

ANIMAL PLANET 12.00 Big Cat Diary 12.30 Chimpanzee Diary 13.00 The Life of Birds 14.00 Growing Up... 15.00 Crocodile Hunter 16.00 Austin Stevens - Most Dangerous 17.00 Gorilla, Gorilla 18.00 The Natural World 19.00 The Life of Birds 20.00 K9 Boot Camp 21.00 Cell Dogs 22.00 Gorilla, Gorilla 23.00 Big Cat Diary 23.30 Chimpanzee Diary 0.00 The Life of Birds 1.00 Growing Up...

DISCOVERY 12.00 Birth of a Sports Car 13.00 Mythbusters 14.00 Wild We- ather 15.00 Ray Mears' Extreme Survival 16.00 Industrial Revelations 17.00 One Step Beyond 17.30 Massive Machines 18.00 American Chopper 19.00 Mythbusters 20.00 Comet Impact 21.00 A Miracle in Orbit 22.00 Hitler's Women 23.00 Code of Silence 0.00 American Casinó

MTV 12.00 MTV Live 14.00 TRL 15.00 Dismissed 15.30 Just See MTV 16.30 Tripin! 17.00 World Chart Express 18.00 Dance Floor Chart 19.00 Switched On 20.00 Top 10 at Ten 21.00 Pimp My Ride 21.30 MTV Mash 22.00 MTV Live 23.00 Just See MTV

VH1 12.00 All Access 13.00 The Fabulous Life of... 14.00 All Access 15.00 Making the Video 15.30 Cribs 16.00 VH1's video juke- box 17.00 All Access 18.00 Music Chamelons Top 10 19.00 100 Most Outrageous Celebrity Moments 23.00 MTV at the Movies 23.30 VH1 Rocks 0.00 VH1 Hits

CLUB 12.40 City Hospital 13.35 Famous Homes & Hideaways 14.00 Fantasy Open House 14.25 Paradise Seekers 14.50 Art and Soul 15.15 Other People's Houses 16.00 Yoga Zone 16.25 The Method 16.50 The Race 17.40 It's a Girl Thing 18.10 Men on Women 18.40 The Roseanne Show 19.30 Matchmaker 20.00 The Villa 21.00 Sex and the Settlee 21.30 My Messy Bedroom 22.00 Ex-Rated 22.30 More Sex Tips for Girls 23.00 Backyard Pleasures 23.30 Anything I Can Do 23.55 Arresting Design 0.25 Retail Therapy 0.50 The Stylists 1.15 Staying in Style

CARTOON NETWORK 12.20 The Cramp Twins 12.45 Johnny Bravo 13.10 Ed, Edd n Eddy 13.35 The Powerpuff Girls 14.00 Viva Las Bravo 16.05 Courage the Cowardly Dog 16.30 Foster's Home for Imaginary Friends 16.55 Ed, Edd n Eddy 17.20 Dexter's Laboratory 17.45 Codename: Kids Next Door 18.10 The Powerpuff Girls 18.35 The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX 12.20 Digimon II 12.45 Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! 13.10 Iznogoud 13.35 Life With Louie 14.00 Three Friends and Jerry II 14.15 Jacob two-two 14.40 Ubos 15.05 Goosebumps

MGM 12.15 Light of the People 13.50 Sketches 15.30 Vigilante Force 17.00 Women of Straw 18.55 Long Riders 20.35 What Happened Was... 22.05 To Be a Rose 23.40 Exposed 1.20 Extremities 2.50 Electra Glide in Blue

TCM 19.00 The Wings of Eagles 20.45 Little Off Set - Vic Armstrong on Western Stunts 21.00 They Were Expendable 23.10 Oper- ation Crossbow 1.05 Murder Ahoy 2.35 The Day They Robbed the Bank of England

HALLMARK 12.45 Broken Promises: Taking Emily Back 14.15 Anastasia: The Mystery of Anna 16.00 Wedding Daze 17.30 Prince Charming 19.15 H2o 21.00 Lonesome Dove: The Series 21.45 The Murders in the Rue Morgue 23.30 Lonesome Dove: The Series 0.30 The Murders in the Rue Morgue 2.15 H2o

BBC FOOD 12.00 Rocco's Dolce Vita 12.30 The Italian Kitchen 13.00 Chalet Slaves 14.00 Food Source 14.30 Gondola On the Murray 15.00 The Naked Chef 15.30 Saturday Kitchen 16.00 Dinner in a Box 17.00 Ainsley's Barbecue Bible 17.30 Neil Perry Fresh and Fast 18.30 Grigson 19.00 Paradise Kitchen 19.30 The Great Canadian Food Show 20.00 Coxon's Royal Feast 20.30 Tyler's Ultimate 21.00 The Hi Lo Club 21.30 Rea- dy Steady Cook

DR1 12.00 Shin Chan 12.10 Ozzy & Drix 12.30 Sommerensummar 13.30 Scooby Doo 14.00 Forandring fryder 14.20 Piratmy- steriet 16.00 Kaj og Andrea 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Fint skal det være 17.30 Í fyrste rækkje 18.00 Klevedal í Kina 19.00 TV Avisen 19.15 Post Danmark Rundt 19.40 Bermuda-trekanten 21.10 VM Triathlon 21.40 Kejseren og lejemorderen 0.20 De Udvaglte

SV1 12.15 Delahástar på grönbete 12.45 Rapport från framtiden 13.15 Allsång på Skansen 14.15 Drömmarnas tid 15.00 Kun- skapsriktet 16.00 På fisketur med Lars & Bård 16.30 Anki och Pytte 17.00 Så här går det till på Salkrökan 17.30 Rapport 17.50 Har du hört den förut? 18.00 Djurgålen 18.30 Sport- spegeln 19.00 Kunglig toliette 20.00 Ramp i öst - sex nya stjärnor 20.30 Jorden med Anna Charlotta 21.00 Rapport 21.05 Design 365 21.10 Svensson, Svensson 21.35 Arlanda 22.05 Sändning från SVT24



Geggjaður Getz

“Þessi er alveg ótrúlega léttur og auðveldur í akstri, fyrir utan það hvað hann er kraftmikill. Maður finnur strax muninn. Þá eru litirnir flottir og mælaborðið er töff. Þetta er líka sniðugur bill með alveg ótrúlega mikinn staðalbúnað. Hann er t.d. með geislaspilara, ABS og meira að segja ISOFIX festingar. Og farangursrýmið er tvískipt. Alveg geggjaður bill!”

Stóri smábíllinn frá Hyundai

» Hyundai Getz

Verð frá kr. 1.270.000

Kr. 14.900 á mán.*

Hyundai Getz, 5 dyra beinskiptur. 1600 cc vél, 104 hestöfl. Verð kr. 1.440.000

Bílasamningur kr. 14.900 á mánuði. m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.



HYUNDAI

hefur gæðin



Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ





HRÓSIÐ

... fá listamennirnir tuttugu sem ætla að rifja upp gleðina sem fylgdi tívölinu sem var í Hvera-gerði um árabíl.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hjónin Gunnar Hilm-arsson og Kolbrún Petrea Gunnarsdóttir eru búin að selja fataverslunina GK en þau hafa rekið verslunina í hátt í ára-tug. Margir hafa velt því fyrir sér hver kaupandinn sé en mikil leynd hvílir yfir sölunni. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að tískutvíburi Gunnars og einn besti vinur til margra ára, Arnar Gauti Sverrisson, hafi keypt verslunina ásamt unnustu sinni Aðalbjörgu Einarsdóttur. Arnar Gauti starfaði í versluninni GK fyrstu árin sem verslunin var starfrækt og þekkir því innviði hennar afar vel. Einhvern tím-ann voru sögusagnir á sveimi um að Arnar Gauti væri að fara að opna Burberry-verslun í Kaupmannahöfn en aldrei varð neitt af því. Síðustu misseri hefur Arnar Gauti starfað við að selja húsgögn í Fákafeni. Tísku-spekúlantar segja að Gunnar sé á leið til Danmerkur til að starfa sem hönnuður hjá danska fata-merkinu DAY. Á sama tíma hafa spek-úlantar velt því fyrir sér hvort nafn verslunarinnar muni breytast úr GK í AA.



HIN HLIÐIN
HIN HLIÐIN Á BORGARI GARDARSSYNI SEM SLÆR NÚ Í GEGN Í SÖNGLEIKNUM KABARETT

Pólitíkusar fyndnastir

Hvernig ertu núna? Syfjaður

Starf: Það fer eftir því hvar ég er. Í Finnlandi þar sem ég er búsettur er ég eftirlaunamaður. Á Íslandi er ég leikari.

Stjörnumerkí: Sporðdreki og ber þess öll merki.

Hvaðan ertu? Fæddur og uppalinn í Reykjavík.

Helsta afrek: Ég get ekki áttað mig á þeim svona um miðja nótt.

Helsti veikleiki: Minn veikleiki er minn helsti kostur.

Helsti kostir: Minn kostur er minn helsti veikleiki.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur: Ég á ekki einu sinni sjónvarp á Íslandi.

Uppáhaldsmatur: Já, matur er mitt uppháld.

Uppáhaldsveitingastaður: Það fer eftir hráefninu. Fer sjaldan á veitingastaði en vel helst að matreiða sjálfur úr góðu hrá-

efni. Sjálfur er besti drengur.

Uppáhaldsborg: Barcelona. Þar er hægt að njóta þess að ganga um göturnar. Fólkið skemmtilegt og húsin ótrúleg. Það skilur enginn nema að hafa komið þangað.

Viltu vinna milljón? Það tekur því ekki.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Yfirleitt eru það pólitíkusar.

Trúir þú á drauga? Já. Sérstaklega þessa sem eru á milli eyrnanna á mér. Þar gerist allt mögulegt.

Áttu gæludýr? Nei, en að visu á ég konu.

Besta kvikmynd í heimi? Casablanca. Myndin verður betri og betri því oftár sem maður horfir á hana.

Besta bók í heimi? Það er ekki hægt að gera upp á milli bóka Laxness.

Næst á dagskrá? Halda áfram að sofa.



ÞRÁINN BERTELSSON: ER ÓSÁTTUR VIÐ ENDURÚTGÁFUR GAMANMYNDA SINNA

Lífsmyndir á klósettpappír

Þráinn Bertelsson leikstjóri, framleiðandi og handritshöfundur er mjög ósáttur við endurútgáfu hinna vinsælu gamanmynda sinna, Nýtt líf, Dalalíf og Löggulíf, á DVD-diskum. Myndirnar komu út fyrir skemmstu og eru væntanlega mörgum aðdáenda þessara mynda mikið fagnaðarefni enda hafa þær verið ófáanlegar um árabil.

Þráinn stóð þó ekki að endurútgáfunni enda á hann ekki ráðstöfunarréttinn yfir þessum myndum sínum lengur. „Ég á hins vegar sæmdarréttinn sem höfundur verkanna og hann verður ekki af mér tekinn. En sæmdarréttur listamanna er til að vernda verk þeirra,“ segir Þráinn.

„Þetta er svipað því að sjá bók eftir mann prentaða og útgefna á klósettpappír,“ segir Þráinn og fullyrðir að ekki hafi verið notuð original-eintök myndana fyrir fjölföldunina, heldur gatslitin sýningareintök. „Mér þykir þetta ákaflega leiðinlegt enda eiga myndirnar þetta ekki skilið og fólk á líka skilið að fá þær í betri gæðum.“

Óvist með aðgerðir

Þráinn bætir því svo við að auglýsingaveggspjöldin, sem eru endurprentuð á hulstrum DVD diskana, eigi hann skuldlaus og þau hafi verið notuð í fullkomnu leyfisleysi. „Það er full ástæða til að endurútgefa þessar myndir en það hefði



ÞRÁINN BERTELSSON Hefði viljað sjá Lífsmyndir sínar fá betri meðferð á nýjum DVD-útgáfum.

verið óskandi að menn hefðu haft metnað til að gera það almennilega í stað þess að reyna að kreista út nokkrar krónur með þessum hætti,“ segir Þráinn sem ætlar að leita til Bandalags íslenskra listamanna út af málinu, en hefur ekki ákveðið hvort hann muni grípa til frekari aðgerða.

Náðist ekki í Þráinn

„Það eru allmörg ár síðan við keyptum þessar myndir og þær eru algjörar perlur. Við viljum fá okkar tekjur af því sem við erum að kaupa,“ segir Konstantín Mikaelsson, útgáfustjóri DVD-mynda hjá Senu. „Við erum búnir að reyna að finna „masterana“ af myndunum.

Ég reyndi að hringja tvisvar í Þráinn og sendi honum póst en hann svaraði því ekki og á endanum gáfumst við upp á að hafa uppi á honum. Við fengum bestu afritin hjá Bergvík sem voru „masterar“ sem voru notaðir við VHS-framleiðsluna á myndunum. Við töluðum við Kvikmyndasafn Íslands um að fá að nota filmur en þær voru verr farnar en „masterarnir“. Við vitum að upprunalegu filmurnar voru sendar til Danmerkur en síðan er ekkert vitað meir,“ segir Konstantín.

„Við reyndum allt sem við gátum og bestu gæðin voru hjá Bergvík. Auðvitað viljum við hafa þær í eins góðum gæðum og hægt er. Það kostar nokkur hundruð þúsund að

laga myndirnar ramma fyrir ramma. Það er svo gríðarlegur kostnaður að það hreinlega borgar sig ekki. En það er klárt mál að við viljum láta laga myndirnar þegar kostnaðurinn er orðinn minni.“ Konstantín segir að það hafi því verið ákveðið að koma myndunum út á nýjan leik.

Engar kvartanir

„Okkur finnst sjarmi yfir þessu og það er ekki eins og myndirnar séu ónýtar. Það eru truflanir í þeim en við höfum ekki fengið eina einustu kvörtun og það hafa farið frá okkur um 1500 eintök.“

Ekkert aukaeftir fylgir endurútgáfunum en slíkt tíðkast oftár en ekki þegar eldri verk eru endurútfengin. „Við fengum þá hugmynd að reyna að fá aðalleikarana til þess að ræða um gerð myndanna. Við náðum sambandi við Karl Ágúst Úlfsson og hann var klár en Eggert Þorleifsson var erlendis í námi. Ég reyndi ekki að ná í Þráinn því hann svaraði mér ekki. En varðandi allt aukaeftir þá var hugmyndin að hafa þetta eins ódýrt og við gátum til að við gætum haft myndirnar ódýrar í verslunum.“ Þess má jafnframt geta að Sena hyggur á útgáfu á fleiri mynda Þráins. „Myndin Magnús er á leiðinni í mjög góðum gæðum og Jón Oddur og Jón Bjarni eru einnig á leiðinni en þar eru gæðin eitthvað minni.“ ■

VESTURPORT: TEKUR MEÐ SÉR MIKIÐ MAGN AF GINSENG TIL FINNLANDS

Sigurförin rakin til kóreskra grasróta

Leikhópurinn sem kennir sig við Vesturport hefur átt mikilli velgengi að fagna enda enginn skortur á hæfileikafólki þar innanborðs. Það er nú hins vegar komið á daginn að sennilega má rekja drifkraft hópsins að einhveru leyti til rauðs eðal ginseng sem allir leikarar hópsins neyta á álagstímum.

Starfsfólk Vesturportsins þarf á allri sinni orku að halda til að skila af sér þeim krefjandi verkefnum sem fram undan eru. Strangar æfingar hafa verið á verkinu Woyzeck eftir George Buchner í Borgarleikhúsinu þar sem líklegt er að útkoman verði einhvers konar fimleikasirkus í anda Rómeó og Júlíu. Hópurinn frumsýnir verkið í september og heldur svo með sýninguna til London. Þar kemur Vesturportið til með að flytja verkið á stóra sviði Barbican-leikhússins þannig að nú hefur verið séð til þess að ginsengið skorti ekki.

Rautt eðalginseng, er eins og flestum er kunnugt, sagt auka úthald og bæta minni, og náttúruylfið virðist einmitt vera það undrulyf sem leikurunum í Vesturportinu er nauðsynlegt til að muna flóknin texta mitt í öllum loftfimleikunum. Ekki nóg með að vera að kljást við Woyzeck heldur flytur hópurinn verkið Brim á Fiskideginum mikla á Dalvík um helgina og heldur svo á leiklistarhátíð í Tampere í Finnlandi til að



VESTURPORT Hópurinn sýnir verkið Brim á Fiskideginum mikla á Dalvík og heldur svo til Finnlands á leiklistarhátíð þar sem treyst verður á að rautt eðalginseng haldi mannskapnum gangandi.

sýna bæði Brim og Rómeó og Júlíu.

Rakel Garðarsdóttir hafði, fyrir hönd leikhópsins, samband við innflutningsaðila Rauðs eðalginsengs í vikunni og talaði við Sigurð Þórðarson hjá Eðalvörum, til að panta birgðir af náttúruafurðinni. Þar sem hópurinn gengur fyrir ginsengi þótti það eitt af for-

gangsverkefnum áður en lagt er af stað til Finnlands að panta það mikið magn af vörinni að enginn verði uppiskroppa í útlandinu. Sigurður Þórðarson er að vonum ánægður með vinsældir ginsengsins meðal leikarana og segist hafa þegið boð Vesturportsins á frumsýningu Woyzeck í Borgarleikhúsinu 15. september. ■

Reykjavík
International School

The Reykjavík International School is accepting applications for the 2005-06 school year. Housed within an Icelandic public school, the school offers an educational program in English to children in grades K – 6. Children interact and learn with Víkurskóli students regularly, bringing a true international and cross-cultural spirit to the program. Ideal for expatriates and Icelanders on the move, the school is a new and exciting development for Reykjavík's business, diplomatic and international community.



Skólinn er einkarekinn grunnskóli innan Víkurskóla, sem býður upp á alþjóðlega menntun fyrir börn á aldrinum 5-12 ára.

Tökum núna við umsóknum fyrir næsta skólaár.

OFURHETJURNAR MÆTA Í BÍÓ Á MIÐVIKUDAGINN Í EINNI STÆRSTU MYND ÁRSINS!



ALLIR SEM KAUPA MIÐA Á
MYNDINA 10.-15. ÁGÚST FÁ
FRÍÁ MÁNAÐARÁSKRIFT Á TÓNLIST.IS!



LESTU **blaðið**
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA
Á MYNDINA!



XY FÉLAGAR
FÁ MIÐANN
Á AÐEINS 600 KR!



4 FANTASTIC FOUR

FRUMSÝND UM LAND ALLT 10. ÁGÚST!

Forsalan er hafin! Tryggdu þér miða! Fordist bíðradir.

SMÁRA BÍÓ

Miðasala opnar kl. 14.10
Miðvikudagur 10. ágúst
Sýnd kl 15.20, 16.40, 17.40, 18.40, 20, 21, 22.20 og 23.20
Sýnd í Lúxus 15.20, 17.40, 20 og 22.20
Fimmtudagur 11. ágúst
Sýnd kl 15.20, 16.40, 17.40, 18.40, 20, 21, 22.20 og 23.20
Sýnd í Lúxus 15.20, 17.40, 20 og 22.20
Föstudagur 12. ágúst
Sýnd kl 15.20, 16.40, 17.40, 18.40, 20, 21, 22.20 og 23.20
Sýnd í Lúxus 15.20, 17.40, 20 og 22.20
Miðasala opnar kl. 12.30
Laugardagur 13. ágúst
Sýnd kl 13, 14, 15.20, 16.40, 17.40, 18.40, 20, 21, 22.20 og 23.20
Sýnd í Lúxus 13, 15.20, 17.40, 20 og 22.20
Sunnudagur 14. ágúst
Sýnd kl 13, 14, 15.20, 16.40, 17.40, 18.40, 20, 21, 22.20 og 23.20
Sýnd í Lúxus 13, 15.20, 17.40, 20 og 22.20

REGNBOGINN

Miðasala opnar kl. 11.10
Miðvikudagur 10. ágúst
Sýnd kl 18, 20.30 og 22.50
Fimmtudagur 11. ágúst
Sýnd kl 18, 20.30 og 22.50
Föstudagur 12. ágúst
Sýnd kl 18, 20.30 og 22.50
Miðasala opnar kl. 15.00
Laugardagur 13. ágúst
Sýnd kl 15.40, 18, 20.30 og 22.50
Sunnudagur 14. ágúst
Sýnd kl 15.40, 18, 20.30 og 22.50

LAUGARÁR BÍÓ

Miðasala opnar kl. 15.00
Miðvikudagur 10. ágúst
Sýnd kl 15.30, 17.45, 20 og 22.15
Fimmtudagur 11. ágúst
Sýnd kl 15.30, 17.45, 20 og 22.15
Föstudagur 12. ágúst
Sýnd kl 15.30, 17.45, 20 og 22.15
Miðasala opnar kl. 12.30
Laugardagur 13. ágúst
Sýnd kl 13.00, 15.30, 17.45, 20 og 22.15
Sunnudagur 14. ágúst
Sýnd kl 13.00, 15.30, 17.45, 20 og 22.15

Borgarbíó

Miðasala opnar kl. 17.30
Miðvikudagur 10. ágúst
Sýnd kl 17.50, 20 og 22.10
Fimmtudagur 11. ágúst
Sýnd kl 17.50, 20 og 22.10
Föstudagur 12. ágúst
Sýnd kl 17.50, 20, 22.10 og 24.20
Miðasala opnar kl. 15.00
Laugardagur 13. ágúst
Sýnd kl 15.40, 17.50, 20, 22.10 og 24.20
Sunnudagur 14. ágúst
Sýnd kl 15.40, 17.50, 20 og 22.10

SELFSS BÍÓ

Miðasala opnar kl. 17.30
Miðvikudagur 10. ágúst
Sýnd kl 20 og 22
Fimmtudagur 11. ágúst
Sýnd kl 20 og 22
Föstudagur 12. ágúst
Sýnd kl 18, 20 og 22
Laugardagur 13. ágúst
Sýnd kl 18, 20 og 22
Sunnudagur 14. ágúst
Sýnd kl 18, 20 og 22

KEFLAVÍK SAMBÍÓ

Miðasala opnar kl. 17.30
Miðvikudagur 10. ágúst
Sýnd kl 20 og 22
Fimmtudagur 11. ágúst
Sýnd kl 20 og 22
Föstudagur 12. ágúst
Sýnd kl 17.55, 20 og 22
Laugardagur 13. ágúst
Sýnd kl 15.50, 17.55, 20 og 22
Sunnudagur 14. ágúst
Sýnd kl 20 og 22.10

ÍSLANDBANKI



www.xy.is

TONLIST.IS

blaðið

BÍÓ.IS
— allt á einum stað

s e n a



BAKÞANKAR

ÞORBJARGAR S.
GUNNLAUGSDÓTTUR

Nýlendan okkar

Kaup Íslendinga á Illum í Kaupmannahöfn vekja upp sterkar kenndir hér heima. Tímamót hafa orðið í samskiptum okkar við þessa fyrverandi nýlenduhera. Sumir myndu jafnvel tala um uppgjör.

VIÐBRÖGÐ Dana eru hins vegar ekki jafn ofsafengin og við mátti búast. Þegar íslenskir blaðamenn taka púlsinn á stemmningunni á Strikinu bera menn sig bara nokkuð vel. Danska þjóðin segist ekki missa nætursvefn. Þykist jafnvel ekki vita af því að við höfum eignast Illum. Eða Magasin Du Nord.

VIÐ vitum betur. Danirnir eru auðvitað gáttaðir. En af hverju gleðjumst við svona ofsalega? Í sögulegu samhengi snýst málið kannski ekki beint um að endurgjalda óhreint mjölið sem var prangað upp á okkur á okurverði hérna í den tid eða að hefna fyrir 14-2 niðurlægingu fótboltalandsliðsins. Mun frekar snýst það um að geta staðið keikur í Köben.

Í SKÓLANUM lærum við dönsku, án þess að læra hana. Á sumrin fara ungir Íslendingar til Kaupmannahafnar í þeim tilgangi að vinna og finna sig og aðra Íslendinga. Þegar við viljum prófa eitthvað nýtt förum við til Danmerkur að stúdera og kynnumst þar öðrum íslenskum námsmönnum. Þetta er hluti af þroskaferli hvers manns. ÞAR koma önnur veigamikil atriði líka til, eins og að ganga um Strikið lítilega kenndur samferða Svím í sama ástandi. Eða að útskýra fyrir Dönnunum, á ensku, yfir dönskum bjór að sú tíð sé liðin að þeir ráði yfir okkur. Verða svo forviða af reiði þegar við komumst að því að Daninn er hreinlega ekkert að spá í þessa hluti. Þekkir ekki söguna eða heldur að við séum í sömu sporum og Færeyingar.

DANMÖRK hefur verið okkar heimsveldi. Menn hafa ekki gert það gott fyrir en þeir hafa öðlast viðurkenningu í heimsveldinu. Íslenskar hljómsveitir eru búnar að meika það þegar þær hafa spilað í Tívoli fyrir stórum hópi íslenskra aðdáenda. Við höfum fylgst samviskusamlega með því sem gerist í heimsveldinu, birtum vikulega pistla frá Danmörku í sjónvarpinu, lesum dönsk slúðurblöð án þess að skilja þau, og borðum danska tertu, yfir beinni útsendingu, þegar krónprinsinn gengur í það heilaga.


NÚ ræðum við næstu skref í stöðunni. Á ekki líka að kaupa Tívolíð?, spyrja menn. Liggur það ekki beinast við? Og vona svo að Daninn taki eftir gerbreyttri heimsmynd. Sjái að litli bróðir er orðinn stór.

Regnskógavinir með peningavit klippið hér

www.icelandexpress.is

METSÖLUBÓK?

Við hjá Iceland Express gætum skrifað heila bók um okkar lágu verð og ferðamöguleika en við viljum frekar setja upplýsingar okkar á Netið til að halda verðum í lágmarki. Ef þig langar út í heim skaltu kíkja á icelandexpress.is og þú sérð hvað við eigum við.



» Verð frá **7.995 kr.**
aðra leið með sköttum.



Ferðabjónusta Iceland Express, Grímsbær, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

SPARI DAGAR
...í fjórum verslunum
og hjá umboðsmönnum
2005 3.-20. ágúst

ORMSSON

LÁGMÚLA 8
Sími 530-2800
Opð virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-15

SMÁRALIND
Sími 530-290
Opð virka daga frá 11-19
Laugardaga frá 11-18
Sunudaga frá 13-18

SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-280
Opð virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-15

radionaut
FURUVÖLLUM 3 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000



Tilboðsverð:
Kr. 8.490


AEG ÖRBYLGJUOFN

AEG

PVOTTAVÉLAR
PURRKARAR
UPPÞVOTTAVÉLAR
KÆLISKÁPAR
OFNAR - VIFTUR
HELLUBORÐ

**15%
afsláttur**

HTH GÆÐIN Í FYRIRRÚMI



Settu það saman
og notaðu afganginn
í **AEG** eldhústækin!

SETTU ÞAÐ SAMAN

Mjög stuttur afgreiðslufrestur

Auglýsingastofa Guðbjargar Önnu